



GREINARGERÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018-2021

Fjárhagsáætlun 2018-2021 – Greinargerð

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar

Seinni umræða

6. desember 2017

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Forsendur áætlunar 2018–2021	6
Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki	11
2.1 A- og B-hluti	11
2.2 A-hluti	12
2.3 Aðalsjóður	12
2.4 Fjölskylduþjónusta	14
2.5 Fræðslu- og frístundaþjónusta	20
2.6 Æskulýðs- og íþróttamál	25
2.7 Menningarmál	20
2.8 Brunamál og almannavarnir	33
2.9 Hreinlætismál	33
2.10 Skipulags- og byggingarmál	34
2.11 Umferðar- og samgöngumál	35
2.12 Umhverfismál	35
2.13 Sameiginlegur kostnaður	36
2.14 Eignasjóður	38
2.15 Vatnsveita	41
2.16 Fráveita	42
2.17 Húsnæðisskrifstofa	42
2.18 Hafnarfjarðarhöfn	44
Framkvæmdaáætlun 2018	46

Inngangur

Á undanförunum misserum höfum við lagt mikla áherslu á að eiga gott samtal við starfsmenn og bæjarbúa með það að markmiði að bæta þjónustuna og starfsumhverfi starfsmanna. Ég lít svo á sem bæjarstjóri að þetta sé eitt af meginverkefnum bæjarstjóra, auk þess að miðla síðan upplýsingum frá bæjarbúum og starfsmönnum til bæjarstjórnar. Í ár og á síðastliðnu ári voru haldnir fundir með öllum starfsmönnum í leik- og grunnskólum og verður haldið áfram með slíka fundi. Fjárhagsáætlunin endurspeglar margt af því sem fram hefur komið á fundum með starfsmönnum og íbúum. Ánægjulegt er að sjá svo mikinn árangur af þessum samtölum sem fram kemur í fjárhagsáætluninni.

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar er í tveimur hlutum. Annars vegar er þar um að ræða greinargerð og hins vegar tölulegan hluta sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinnna A- og B-hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða sveitarfélagsins. Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi reynist vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

Árið 2016 skilaði jákvæðri rekstrarniðurstöðu hjá Hafnarfjarðarkaupstað er nam um 538 milljónum króna. Rekstrarniðurstaða fyrri hluta árs 2017 var jákvæð um 907 milljónir króna, en áætlun hafði gert ráð fyrir að rekstrarafgangur yrði 285 milljónir króna fyrstu sex mánuði ársins. Áætlunin gerir ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu í lok árs 2017 um 554 milljónir króna. Veltufé frá rekstri er áætlað um 3,4 milljarðar króna sem er yfir 14% af heildartekjum. Útkomuspá bendir til að þetta gangi eftir og jafnvel betur en áætlunin gerir ráð fyrir.

Á þessum grunni hefur fjárhagsáætlunarvinna vegna ársins 2018 og þriggja ára áætlun fyrir árin þar á eftir verið byggð. Rekstur ársins 2017 og fjárhagsáætlun 2018 endurspeglar vel þau markmið sem bæjarstjórn setti sér með þeirri umbótavinnu sem fram fór árið 2015.

Fjárhagsáætlun ársins 2018 gerir ráð fyrir að útsvar verði áfram 14,48% en það var lækkað úr 14,52% í 14,48% á árinu 2017.

Jafnframt er gert ráð fyrir að álagningarprósenta fasteignaskatts og holræsa- og vatnsgjalds lækki á milli ára, þannig að álagning í krónum talið hækki einungis sem nemur verðlagsþróun þrátt fyrir umtalsverða hækkun fasteignamats. Fimmta árið í röð verða dvalargjöld á leikskólum þau sömu. Jafnframt er gert ráð fyrir að gjöld sem greidd eru til bæjarsjóðs hækki ekki á milli ára nema hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu, húsaleiga á félagslegu húsnæði og gjöld hafnarsjóðs sem hækka í samræmi við áætlaða hækkun á vísitölu. Hér er um að ræða aðgerðir sem miða að því að draga úr álögum á íbúa þrátt fyrir almennar verðlagshækkunarir. Þá er í fjárhagsáætluninni gert ráð fyrir auknum útgjöldum umfram almennar verðlagshækkunarir, samtals að fjárhæð um 588 milljónir króna. Um er að ræða meðal annars aukin framlög til leik- og grunnskóla, fjölskylduþjónustu, viðhalds, menningarmála og umhverfisþjónustu sem skýrð verða frekar síðar í þessari greinargerð.

Helstu niðurstöður í frumvarpi til fjárhagsáætlunar 2018 eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 739,8 milljónir króna og rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 154,1 milljónir króna.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 52,4 milljarðar króna í árslok 2018, skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 41,7 milljarðar króna og eigið fé um 10,7 milljarðar króna.
- Áætlað veltufé frá rekstri A-hluta er um 2,5 milljarðar króna eða 10,3% og samantekið fyrir A- og B-hluta 3,5 milljarðar króna, eða um 13,6% af heildartekjum.
- Áætluð sala lóða í Skarðshlíð fyrir 1.620 milljónir króna og sala iðnaðarlóða fyrir 650 milljónir króna.
- Áætlaðar fjárfestingar samtals að fjárhæð 5.020,5 milljónir króna. Um er að ræða ýmsar nýframkvæmdir, samtals að fjárhæð 1.749,5 milljónir króna, sem verða fjármagnaðar með veltufé frá rekstri. Framkvæmdir við nýjan grunnskóla í Skarðshlíð að fjárhæð 1.800 milljónir króna verða fjármagnaðar með sölu lóða í Skarðshlíð, kaup Húsnæðisskrifstofu á félagslegum íbúðum að fjárhæð 500 milljónir króna verða fjármögnuð með lántöku og framkvæmdir við hjúkrunarheimili á Sólvangsreit að fjárhæð 971 milljón króna verða fjármagnaðar með lántöku að hluta til, eða um 400 milljónir króna, og að hluta til með veltufé frá rekstri. Hjúkrunarheimilið er framkvæmd fyrir ríkissjóð, sem mun greiða fyrir afnot af hjúkrunarheimilinu með leigugreiðslum.
- Almenn er gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2018 haldist óbreytt.

Skuldahlutfall Hafnarfjarðarkaupstaðar verður samkvæmt áætlun um 163% í lok árs 2018 en var 170% í árslok 2016. Útkomuspá gerir ráð fyrir að skuldaviðmiði verði undir 140% í árslok 2017. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2018 verður skuldaviðmiði í kringum 132% í lok þess árs.


Söluandvirði lóða í Skarðshlíð verður nýtt til uppbyggingar á skóla í Skarðshlíð.

Þann 1. október 2017 voru bæjarbúar 29.217. Bæjarbúum hefur fjölgað jafnt og þétt og í áætlun ársins 2018 er reiknað með að íbúum fjölgi um 2,0%. Hafnarfjarðarkaupstaður er þriðja stærsta sveitarfélag landsins, með heildarútgjöld um 24,8 milljarða króna, áætlaðan launakostnað um 12,6 milljarða króna og áætlaðan fjármagnskostnað um 1,7 milljarða króna, eða sem nemur 6,5% af heildartekjum sveitarfélagsins.

Starfsmenn sveitarfélagsins eru um 1.800 og því er Hafnarfjarðarkaupstaður eitt af stærstu fyrirtækjum landsins, ef líkja má sveitarfélagi við fyrirtæki. Lífeyrisskuldbinding í árslok 2018 er áætluð 12,8 milljarðar króna til samanburðar við að heildarlaunagjöld ársins eru áætluð 12,6 milljarðar króna.

Ég vil þakka starfsfólki bæjarins sem hefur komið að áætlunargerðinni fyrir þá góðu vinnu sem lögð hefur verið í hana. Verði áfram rétt haldið á málum eru bjartir tímar fram undan í Hafnarfirði. Jafnframt vil ég þakka öllu starfsfólki sveitarfélagsins fyrir faglegt framlag sem er að skila þeim árangri sem náðst hefur í rekstri bæjarins. Með virkri þátttöku allra er umbreyting sem þessi gerleg og það ber að þakka sérstaklega. Við uppskerum eins og við sáum og ber áætlunin þess vel merki að starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fjölbreyttum starfssviðum hafa lagt sitt af mörkum hingað til og munu án efa gera það áfram.

Hafnarfirði, 6. desember 2017



Haraldur L. Haraldsson,
bæjarstjóri

Forsendur áætlunar 2018–2021

Lagatilvísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2018 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2019–2021 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta er milliviðskiptum, vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru: Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn. Þar sem talað er um *Áætlun 2017* í þessari greinargerð er átt við upprunalega áætlun fyrir árið 2017 með viðaukum.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

Útsvar

Útsvarshlutfall á árinu 2018 verður 14,48%. Áætlað er að brúttó útsvarstekjur nemi um 18,3 milljörðum króna en af þeirri fjárhæð munu rúmlega 2,2 milljarðar króna ganga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða 1,76% þannig að nettó útsvarstekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar tæplega 16,1 milljarður króna. Auk þess er gert ráð fyrir um 220 milljónum króna í eftirágreitt útsvar.

Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2017 en jafnframt er tekið tillit til almennra forsendna á vinnumarkaði og fjölgunar íbúa. Gert er ráð fyrir 6,5% hækkun launavísitölu, óbreyttri atvinnuþátttöku frá árinu 2017 og fjölgun íbúa um 2,0%. Á grundvelli þessara gagna er gert ráð fyrir um 7,4% hækkun útsvars milli 2017 og 2018.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

Hafnarfjarðarkaupstaður fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, tónlistarkennslu, nýbúafræðslu og þjónustu við fatlað fólk. Fjárhæð framlaga er áætluð alls rúmlega 2,0 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir óbreyttu framlagi frá 2017 að viðbættum verðbótum. Endanleg áætlun jöfnunarsjóðs vegna ársins 2017 liggur hins vegar ekki fyrir og því er óvissa um hver framlögin verða árið 2017.

Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2017 miðast við fasteignamat eigna sem birt var 1. júní 2017. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Hafnarfjarðarkaupstaðar breytist á milli ára, samanber eftirfarandi töflu.

Fasteignamat – þús. kr.	Fasteignamat 2018	Fasteignamat 2017	Hækkun %	Fasteignamat 2016
Íbúðareignir	433.288.969	365.806.061	18,4%	325.747.052
Atvinnueignir	104.316.781	95.353.657	9,4%	89.632.915
Stofnanir og samkomustaðir	25.294.800	24.012.110	5,3%	22.599.300
Samtals	562.900.550	485.171.828	16,0%	437.979.267

Álagningarstofn íbúðarhúsnæðis hækkaði um 18,4% á milli ára en hækkun á fasteignamati nam 14,8%. Hækkun umfram breytingu á fasteignamati liggur í nýjum íbúðum (nýjum matseiningum). Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis lækkar úr 0,31% í 0,28%, lóðarleiga lækkar úr 0,40% í 0,36%, vatnsgjald lækkar úr 0,07% í 0,062% og holræsgjald úr 0,155% í 0,137%. Heildarálögur á fasteignir hækka því einungis í takt við verðlagshækkun þrátt fyrir umtalsverða hækkun fasteignamats. Heildartekjur bæjarins vegna fasteignagjalda af íbúðarhúsnæði hækka sem nemur vísitöluhækkun og nýjum matseiningum, eða um 5% sem er um 130 milljónir króna. Ef álögur hefðu haldist óbreyttar hefði hækkunin numið um 400 milljónum króna.

Álagningarhlutföll fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis árið 2018 aftur til 2013:

Íbúðarhúsnæði	Álagning 2018	Álagning 2017	Álagning 2016	Álagning 2015	Álagning 2014	Álagning 2013
Fasteignaskattar	0,28%	0,31%	0,34%	0,28%	0,28%	0,30%
Lóðarleiga	0,36%	0,40%	0,40%	0,40%	0,40%	0,40%
Holræsgjald	0,137%	0,155%	0,165%	0,195%	0,195%	0,195%
Vatnsgjald	0,062%	0,070%	0,077%	0,105%	0,105%	0,105%
Samtals	0,839%	0,935%	0,982%	0,980%	0,980%	1,000%

Tekjutengdur afsláttur fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega:

Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Tekjuviðmið hefðu hækkað um 11,4% frá árinu 2017 eða launavísitölu undirliggjandi tekjuárs í útreikningi miðað við óbreyttar reglur. Samkvæmt tillögu fyrir tekjutengdan afslátt 2018 er gert ráð fyrir verulegri hækkun á tekjuviðmiðum eða sem nemur um 30% hækkun umfram 11,4% hækkun samkvæmt launavísitölu. Við útreikning afsláttar í upphafi árs 2018 er stuðst við skattaframtal ársins 2016 en afslátturinn er síðan endurskoðaður í ágúst 2018 eftir að skattaframtal ársins 2017 liggur fyrir. Leiði endurskoðunin til breytinga á afslætti breytist hann vegna þeirra greiðslna sem eftir eru á árinu. Ekki er endurreiknað vegna greiðslna til og með ágúst. Til tekna teljast bæði launatekjur (reitur 2.7. á skattframtali) og fjármagnstekjur (reitur 3.10. á skattframtali). Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og fólks í skráðri sambúð.

Neðangreindar töflur sýna tekjuviðmið einstaklinga annars vegar og hjóna og fólks í skráðri sambúð hins vegar:

Afsláttur %	2018 Einstaklingar		2017 Einstaklingar		2013 Einstaklingar	
100%	0	5.013.000	0	2.995.000	0	2.600.000
75%	5.013.001	5.124.400	2.995.001	3.212.000	2.600.001	2.950.000
50%	5.124.401	5.235.800	3.212.001	3.485.000	2.950.001	3.200.000
25%	5.235.801	5.347.200	3.485.001	3.702.000	3.200.001	3.400.000

Afsláttur %	2018 Hjón/fólk í skráðri sambúð		2017 Hjón/fólk í skráðri sambúð		2013 Hjón/fólk í skráðri sambúð	
100%	0	6.405.500	0	4.182.000	0	3.630.000
75%	6.405.501	6.851.100	4.182.001	4.388.000	3.630.001	4.030.000
50%	6.851.101	7.297.700	4.388.001	4.769.000	4.030.001	4.380.000
25%	7.297.701	7.742.300	4.769.001	5.096.000	4.380.001	4.680.000

Í töflunni hér að ofan má finna viðmið frá árinu 2013. Viðmiðin hafa aukist um 57-93% á tímabilinu 2013-2018 en á sama tíma hefur launavísitalan hækkað um 42%.

Í neðangreindri töflu má sjá þróun síðustu ára og áætlaðan heildarafslátt árið 2018:

Tekjutengdur afsláttur fasteignagjalda	þús. kr.
2018 – áætlun	88.829
2017	45.385
2016	49.056
2015	33.136
2014	33.436
2013	36.802
2012	32.446
2011	31.657

Álagningarstofn atvinnueigna hækkaði um 9,4% á milli ára en hækkun á fasteignamati nam 9,1%. Hækkun umfram breytingu á fasteignamati liggur í nýju húsnæði (nýjum matseiningum). Fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði lækka úr 1,65% í 1,57% og hækka því álögur einungis sem nemur vísitöluhækkun og fjölgun matseininga, eða um 4%. Hækkun milli ára nemur um 92 milljónum króna en hefði numið 190 milljónum króna ef álögur hefðu haldist óbreyttar.

Álagningarhlutfallið á fasteignaskatti 1,65% hefur verið óbreytt frá árinu 2011 en lækkar í 1,57% árið 2018.

Atvinnuhúsnæði	Álagning 2018	Álagning 2011-2017
Fasteignaskattar	1,57%	1,65%
Lóðarleiga	1,295%	1,30%
Holræsagjald	0,187%	0,195%
Vatnsgjald	0,1%	0,105%
Samtals	3,152%	3,25%

Aðrar tekjur

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun er almennt gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2018 verði óbreytt frá gjaldskrá 2017 og dvalargjöld á leikskólum verði óbreytt fimmta árið í röð. Gjaldskrá umhverfis- og skipulagsþjónustu hækkar þó í samræmi við hækkun byggingarvísitölu 2018, samkvæmt þjóðhagsspá sem birtist í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga, eða 2,7%. Sorphirðugjald hækkar um 2.370 krónur frá 2017, úr 34.000 krónum í 36.370 krónur, og er það gert til að gjöldin standi undir kostnaði við veitta þjónustu.

Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum en kjarasamningar kennara eru lausir og er því áætlað fyrir breytingum á þeim. Kjarasamningar leikskólakennara munu í kjölfarið taka sömu breytingum og kjarasamningar kennara. Jafnframt er tekið tillit til breytinga í starfsmannahaldi sem tengjast fjölda nemenda í leik- og grunnskólum ásamt tillögum að breytingum sem gert er ráð fyrir í starfsmannahaldi á árinu 2018.

Launatengd gjöld eru reiknuð miðað við gildandi samninga og lög. Launaáætlun var unnin af stjórnendum bæjarins í launaáætlunarkerfi H3. Lögð verður áhersla á virkt eftirlit og eftirfylgni með launakostnaði, veikindum og fjölda stöðugilda en með réttum verkfærum verður sú vinna markvissari. Í október 2016 voru samþykktar nýjar reglur um fjarvistir og starfsendurhæfingu vegna veikinda eða slysa starfsfólks. Með markvissri viðverustjórnun er markmiðið meðal annars að auðvelda starfsfólki endurkomu til starfa eftir veikindi, veita því stuðning og umhyggju og um leið lækka kostnað vegna fjarvista.

Lífeyrisskuldbindingar

Gert er ráð fyrir að á árinu 2017 fari fram uppgjör við Brú lífeyrissjóð vegna samkomulags við ríkið. Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hefur sú lagabreyting áhrif á A-deild Brúar lífeyrissjóðs. Lífeyrissréttindi voru jöfnuð milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins og í því felst meðal annars að sveitarfélögum ber að gera upp framtíðarhalla A-deildar Brúar með einskiptisframlagi.

Sveitarfélögin þurfa að gera upp eftirfarandi:

1. Uppgjör á halla áfallinna lífeyrisskuldbindinga 31. maí 2017 (jafnvægisjóður)
2. Uppgjör á reiknuðum framtíðarskuldbindingum frá 31. maí 2017 (lífeyrisaukasjóður)
3. Uppgjör á varúðarsjóði

Gert er ráð fyrir að Hafnarfjarðarkaupstaður greiði af veltufé frá rekstri um 600 milljónir króna vegna uppgjors á jafnvægisjóði á árinu 2017. Hins vegar er gert ráð fyrir að taka lán fyrir uppgjóri á lífeyrisauka og varúðarsjóði alls um 1.800 milljónir króna í árslok 2017 og er lánið fært meðal skulda við lánastofnanir hjá aðalsjóði. Vakin er athygli á því að skuld vegna lífeyrisaukasjóðs og varúðarsjóðs skal draga frá heildarskuldum við útreikning skuldaviðmiðs. Skuldir vegna lífeyrisskuldbindinga hafa aukist umtalsvert á síðustu árum. Í ársbyrjun 2016 námu heildarskuldir A-hluta 34,4 milljörðum króna. Þar af voru skuldir vegna lífeyrisskuldbindingar um 9,8 milljarðar króna. Í árslok 2018 er gert ráð fyrir að heildarskuldir A-hluta nemi um 37,2 milljörðum króna. Þar af eru skuldir vegna lífeyrisskuldbindingar 12,5 milljarðar króna og auk þess skuld vegna uppgjors við lífeyrissjóð Brú vegna samkomulags ríkisins um 1,8 milljarðar króna eða alls um 14,3 milljarðar króna. Skuldir vegna lífeyrisskuldbindingar hafa því aukist um 4,5 milljarða króna á tímabilinu á meðan heildarskuldir hafa aukist um 2,8 milljarða króna sem þýðir að aðrar skuldir hafa því lækkað um 1,7 milljarða króna.

Breyting á lífeyrisskuldbindingum er áætluð um 1.049 milljónir króna á árinu 2018. Á árinu 2012 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindinguna og á árinu 2017 er gert ráð fyrir að sú greiðsla nemi um 371 milljón króna. Byrjað var að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindingu Byrs vegna fyrrverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar á árinu 2016 og eru um 60 milljónir króna af áætluðum heildargreiðslum 2018 vegna Byrs. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga Byrs eru gerðar með fyrirvara um niðurstöðu dómstóla, en Hafnarfjarðarkaupstaður mótmælir því að bænum beri að greiða þessa skuldbindingu. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbinding bæjarins verði um 12,8 milljarðar króna í árslok 2018. Til samanburðar eru heildarlaunagreiðslur sveitarfélagsins með launatengdum gjöldum á árinu 2018 áætlaðar um 12,6 milljarðar króna. Af lífeyrisskuldbindingu eru um 2,6 milljarðar króna vegna lífeyrisskuldbindinga fyrrverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar/Byrs og um 260 milljónir króna vegna Hafnarsjóðs.

Annar kostnaður

Almennur rekstrarkostnaður sem er tengdur verðlagsforsendum samkvæmt samningum hefur verið uppfærður í takt við verðlagsbreytingar. Stuðst er við þjóðhagsspá og samkvæmt henni er áætluð hækkun vísitölu neysluverðs 2,7% árið 2018, 2,9% árið 2019, 2,7% árið 2020 og 2,6% árið 2021. Einnig hafa útgjöld verið aukin samtals um rúmlega 588 milljónir króna árið 2018 þar sem viðbóta var þörf og er fjallað um viðbæturnar undir viðkomandi málaflokkum.

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur eru áætlaðar í samræmi við rauntölur ársins 2017 og tekið er tillit til 20% fjármagnstekjuskatts. Viðskiptareikningar innan samstæðu eru ekki vaxtareiknaðir. Innlend verðtryggð lán hafa verið uppreiknuð miðað við áætlaða breytingu á neysluverðsvísitölu innan ársins eða 3,05%. Lánasafnið er vaxtareiknað miðað við vaxtakjör lánasamninga en meðalvextir eru um 4%. Ekki er gert ráð fyrir gengismun í áætlun en óverulegur hluti lána er gengistryggður eða um 1,1 milljarður króna.

Gert er ráð fyrir að fjárfesting húsnæðisskrifstofu í nýju húsnæði og hjúkrunarheimili verði fjármögnuð með lántöku að hluta til en aðrar fjárfestingar verði fjármagnaðar með veltufé frá rekstri og lóðasölu. Fjárfestingar vegna hjúkrunarheimilis eru áætlaðar rúmlega 1,6 milljarðar króna árin 2017 til 2019 og er gert fyrir lántöku að fjárhæð 400 milljónir króna vegna hjúkrunarheimilisins árið 2018 og 1.200 milljónir króna árið 2019. Fjárfestingar húsnæðisskrifstofu eru áætlaðar tveir milljarðar króna árin 2018 til 2021. Gert er ráð fyrir lántöku vegna þess að fjárhæð 500 milljónir króna árið 2018 og 200 milljónir króna árið 2020. Samkvæmt samningi við ríkissjóð um leigu á húsnæði hjúkrunarheimilisins munu leigugreiðslur standa undir afborgun og vöxtum vegna lána sem tekin verða

vegna hjúkrunarheimilisins. Á sama hátt munu leigugreiðslur vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis standa undir afborgunum og vöxtum vegna lána sem tekin verða vegna kaupa á leiguíbúðum.

Fyrirvarar og óvissuþættir

Áætlun Jöfnunarsjóðs liggur ekki fyrir en fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar gerir ráð fyrir hækkun í takt við þjóðhagsspá. Kjarasamningar grunnskólakennara og tónmenntakennara í stéttarfélagi FT eru lausir en reynt er að áætla vænta hækkun á þeim. Kjarasamningar leikskólakennara taka breytingum í kjölfar kjarasamninga kennara og er því einnig óvissa um breytingu á þeim.

Þriggja ára áætlun 2019–2021

Þriggja ára áætlun sveitarfélagsins tekur mið af verðlagsbreytingum í samræmi við þjóðhagsspá sem notuð var til grundvallar frumvarpi til fjárlaga. Útsvarstekjur ráðast af fjölda íbúa, launaþróun, atvinnuþátttöku og atvinnustigi en hér er gert ráð fyrir hækkun tekna um 5,2-7,5% á ári. Áætlaðar tekjur vegna fasteignaskatta og lóðarleigu hækka um 2,6-2,8% á ári vegna verðbreytinga. Rekstrarkostnaður eykst í takti við verðlagsþróun en einnig er áætlað fyrir kostnaði við rekstur nýs grunnskóla í Skarðshlíð. Fjármagnsliðir og afborganir lána eru áætluð í samræmi við lánasamninga.

Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki

2.1 A- og B-hluti

- Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2018 verði um 25,6 milljarðar króna og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði verði um 23,2 milljarðar króna. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 2,4 milljarðar króna en fjármagnsliðir eru áætlaðir tæplega 1,7 milljarðar króna, þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2018 er jákvæð um 742 milljónir króna.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 52,4 milljarðar króna í árslok 2018. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 41,7 milljarðar króna og eigið fé um 10,7 milljarðar króna.
- Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar utan rekstrar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir. Á árinu 2018 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 3,5 milljarðar króna, sem er um 13,6% af heildartekjum.

Samantekið yfirlit yfir rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi:

A- og B-hluti – m. kr.				
	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015
Rekstrarreikningur				
Tekjur	25.590	24.040	23.091	20.673
Gjöld	(23.199)	(21.551)	(20.935)	(19.689)
Fjármagnsliðir	(1.651)	(1.935)	(1.403)	(1.495)
Óvenjulegir liðir	0	0	(215)	0
Rekstrarniðurstaða	740	554	538	(512)
Efnahagsreikningur				
Eignir	52.375	49.460	48.302	48.480
Eigið fé	10.672	8.880	9.145	8.296
Skuldir og skuldbindingar	41.703	40.580	39.157	40.184
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	3.480	3.406	953	953

Mannauður

Heildarfjöldi stöðugilda hjá Hafnarfjarðarkaupstað:

Hafnarfjarðarkaupstaður	Fjöldi stöðug. 2018	Fjöldi starfsm. 2018	Fjöldi stöðug. 2017	Fjöldi starfsm. 2017	Fjöldi stöðug. 2016	Fjöldi starfsm. 2016
Fjölskyldubjónusta	186,7	277	176,7	266	167,1	270
Fræðslu- og frístundapj.	1.120	1.344	1.129	1.380	1.110	1.365
Fjármálasvið	23	23	23,75	24	13,75	14
Stjórnsýslusvið	40,2	52	40,1	51	49,1	60
Umhverfis- og skipulagspj.	43,5	44	49,5	50	49,5	50
Hafnarfjarðarhöfn	11	11	11	11	12	12
	1.424,4	1.751	1.417,4	1.778	1.401,45	1.771

2.2 A-hluti

- Í áætlun 2018 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A-hluta sé jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um tæplega 1,5 milljarða króna.
- Áætlaðar rekstrartekjur A-hluta eru um 23,8 milljarðar króna og áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði eru rúmir 22,3 milljarðar króna. Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 1,3 milljarðar króna. Áætluð rekstrarniðurstaða A-hluta verður því jákvæð um 157 milljónir króna.
- Heildareignir A-hluta í árslok 2018 eru áætlaðar um 41,7 milljarðar króna, skuldir um 37,2 milljarðar króna og eigið fé um 4,6 milljarðar króna.
- Áætlað veltufé frá rekstri, A-hluta, er um 2,5 milljarðar króna eða um 10,3 % af heildartekjum.

Samantekið yfirlit yfir rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi:

A-hluti – m. kr.				
	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015
Rekstrarreikningur				
Tekjur	23.756	22.297	21.395	18.854
Gjöld	(22.286)	(20.731)	(20.068)	(18.796)
Fjármagnsliðir	(1.316)	(1.521)	(1.085)	(1.119)
Óvenjulegir liðir	0	0	(215)	0
Rekstrarniðurstaða	154	45	27	(1.062)
Efnahagsreikningur				
Eignir	41.729	39.248	38.171	38.256
Eigið fé	4.569	3.562	4.182	3.845
Skuldir	37.160	35.686	33.989	34.411
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	2.450	2.398	2.706	154

2.3 Aðalsjóður


Aðalsjóður annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða aðalsjóðs verði jákvæð um 556 milljónir króna.

Rekstraryfirlit:

Aðalsjóður – m. kr.				
	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015
Rekstrarreikningur				
Tekjur	24.651	22.733	22.152	19.649
Gjöld	(24.091)	(22.248)	(22.034)	(20.410)
Fjármagnsliðir	(6)	86	173	206
Rekstrarniðurstaða	554	571	291	(555)

Helstu útgjaldabreytingar í rekstri málaflokka á milli ára má sjá í eftirfarandi töflu:

Rekstur málaflokka aðalsjóðs					
Fjárhæðir í m. kr.	Áætlun 2018	Hlutfall af skatttekjum	Áætlun 2017	Mismunur	Ársreikningur 2016
Skatttekjur	22.158		20.560	1.598	19.378
Fjölskylduþjónusta	(3.466)	15,6%	(3.203)	(263)	(2.901)
Fræðslu- og uppeldismál	(12.168)	54,9%	(11.158)	(1.011)	(10.129)
Menningarmál	(430)	1,9%	(407)	(23)	(364)
Æskulýðs- og íþróttamál	(1.855)	8,4%	(1.998)	(143)	(1.818)
Brunamál og almannavarnir	(232)	1,0%	(218)	(13)	(197)
Hreinlætismál	(15)	0,1%	(17)	2	(50)
Skipulags- og byggingarmál	(101)	0,5%	(76)	(24)	(72)
Umferðar- og samgöngumál	(914)	4,1%	(846)	(68)	(784)
Umhverfismál	(140)	0,6%	(137)	(3)	(131)
Atvinnumál	(37)	0,2%	(21)	(16)	(27)
Sameiginlegur kostnaður	(2.221)	10,0%	(1.994)	(227)	(2.628)

Hlutfall málaflokka af heildarútgjöldum:


2.4 Fjölskylduþjónusta

Árið 2018 verður lögð áhersla á aukna samvinnu milli fjölskyldu- og fræðslu- og frístundaþjónustu með hagsmuni barna og ungmenna í sveitarfélaginu að leiðarljósi. Samstarfshópur með fulltrúum frá báðum sviðum hefur árið 2017 unnið að mótun hugmynda, en meginverkefni starfshópsins var að greina hvar verkefni sviðanna skarast og hvar hægt væri að ná fram meira samstarfi. Markmiðið er að styðja við fjölskyldur og greina vanda barna á fyrri stigum til að koma í veg fyrir að vandinn þróist til verri vegar, með áherslu á forvarnir. Fjölskylduþjónustan mun vinna samkvæmt víðasta ramma laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þannig gefst sveigjanleiki til að efla stuðningsþjónustu hjá fjölskylduþjónustu og gerir henni kleift að koma inn í málefni fjölskyldna án þess að tilkynning berist barnavernd. Hlutverk þjónustunnar verður að sinna málum barna með snemmtækri íhlutun í samvinnu við skóla og leikskóla bæjarins. Áhersla verður á stuðning og þjónustu við börn með fjölþættan vanda og fjölskyldur þeirra. Starfsmenn sem ráðnir verða til þess að vinna samkvæmt þessari nýju nálgun koma að málum inni í skólum og leikskólum og vinna að því að styðja og auka þjónustu við börn á fyrri stigum. Markmiðið er að koma í veg fyrir að mál barna og ungmenna þróist þannig að erfitt og jafnvel ómögulegt sé að takast á við vandann. Með þessu nýja verklagi skapast sterk tenging og virkt samstarf milli fjölskyldu- og fræðslu- og frístundaþjónustu. Unnið verður náið með skólastjórnendum, námsráðgjöfum og kennurum og öðru starfsfólki skólanna og leitað lausna á fyrri stigum í samvinnu við foreldra, kennara og aðra þá sem koma að málum barnsins. Virkja þarf lausnarteymi grunnskóla og verkferlar innan skólanna þurfa að vera skýrir. Með þessari nýju nálgun verður komið til móts við ákveðið úrræðaleysi sem hefur ríkt í þjónustu við þennan hóp. Vonir standa til að frekari aðstoð við nemendur með fjölþættan vanda og fjölskyldur þeirra dragi úr þörf fyrir aðkomu barnaverndar og kröfum um frekari greiningar. Hér verður um nýsköpunar- og þróunarverkefni að ræða og verður leitast við að setja mælanleg markmið þannig að hægt verði að meta árangur af nýjum aðferðum. Starfsfólk sem starfar að þessu verkefni tilheyrir báðum sviðum og er þannig tenging sviðanna í málefnum þeirra einstaklinga sem þurfa á þjónustunni að halda. Starfsfólk beggja sviða hefur komið að þróun verkefnisins og fyrir liggur skýrsla um meginleiðir. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir þremur stöðugildum og stendur til að ráða í tvö stöðugildi í ársbyrjun 2018 og eitt stöðugildi frá 1. júlí 2018 til þess að hrinda í framkvæmd og móta nýjar leiðir í þjónustu við barnafjölskyldur í sveitarfélaginu.

Að auki er unnið að nýrri nálgun í meðferð barnaverndarmála hjá fjölskylduþjónustunni. Um er að ræða svokallað „Herning-módel“, en nafnið er komið frá sveitarfélaginu Herning í Danmörku. Um er að ræða áherslu á aukna og dýpri vinnu við þung barnaverndarmál. Barnaverndarstarfsmaður vinnur nánar og dýpra í málum og hefur jafnframt svigrúm til að vinna meira á vettvangi, svo sem inni á heimilum barna, í skólum og leikskólum. Barnaverndarmál þar sem fjölþættur vandi er til staðar fá sérstaka athygli og aukin vinna verður sett í þau mál. Aðferðafræði „Herning-módel“ er að finna sveigjanlegar og einstaklingsmiðaðar lausnir í nærumhverfi barna með fjölskylduna í forgrunni. Markmiðið er að draga úr þörf fyrir vistanir barna utan heimilis og önnur íþyngjandi úrræði, með snemmtækri íhlutun. Einkennisorð verkefnisins eru „sérstök úrræði/lausnir, ekki sérstakir staðir“. Rannsóknarstofnunin KORA í Danmörku hefur gefið út skýrslur um verkefnið, meðal annars með mati á árangri á innleiðingu þess í Herning. Í niðurstöðum greiningar KORA kemur fram að árangur af verkefninu hafi reynst meiri en áætlað hafði verið við upphaf tilraunaverkefnisins árið 2013. Málefni barna með fjölþættan vanda séu leyst með öflugri og virkari þátttöku starfsmanna við vinnslu mála frá upphafi, fjölbreyttum úrræðum beitt í samstarfi við foreldra, skóla, heilbrigðisþjónustu og eftir atvikum aðra þjónustuveitendur. Málin séu unnin eins nálægt barninu og fjölskyldunni og mögulegt sé og þeim veittur stuðningur í meiri mæli. Þessi nálgun fellur afar vel að þeim áherslum sem lýst er hér að framan, þar sem vinna er lögð í fyrirbyggjandi aðgerðir og snemmtæka íhlutun. Stærri vandi fer til vinnslu innan barnaverndar þar sem beitt verður öðrum úrræðum. Málþing verður haldið á vegum Hafnarfjarðarkaupstaðar í byrjun desember 2017 þar sem fulltrúar frá Herning koma og upplýsa starfsmenn fjölskyldu- og fræðslu- og frístundaþjónustu, bæjarfulltrúa og bæjarstjóra um þessa nálgun og vinnubrögð.

Áfram verður unnið að eflingu faglegrar þjónustu fyrir fatlað fólk með fjölgun fagfólks á starfsstöðvum fatlaðs fólks. Horft verður til velferðartækni og möguleika sem þar skapast.

Notendasamráð hefur þróast á sviðinu og verður áfram veittur styrkur til Ráðgjafarráðs í málefnum fatlaðs fólks, Öldungaráðs og Fjölmenningsráðs, en það nýmæli var samþykkt við fjárhagsáætlunargerð 2017.

Ákveðið er að atvinna fatlaðs fólks, Geitungar, og lengd viðvera, Vinaskjól, flytji úr Húsinu við Staðarberg að Suðurgötu 14. Þjónusta við fatlað fólk mun eflast og þróast á árinu 2018 við þessa breytingu. Auk þess skapast atvinnutækifæri fyrir fleira fatlað fólk. Hæfingarstöð að Fannborg í Kópavogi var lokað 1. október síðastliðinn, en þar voru 12 einstaklingar frá Hafnarfirði í vinnu. Tíu af þeim hafa þegið vinnu og þjálfun að Suðurgötu 14. Hér er um að ræða aukna þjónustu og tækifæri fyrir fatlað fólk í heimabyggð þess. Geitungarnir eru nú þegar að fá viðurkenningu á alþjóðavettvangi og með bættum aðbúnaði er stefnt að enn frekari þróun starfsins.

Fjárheimildir sviðsins hækka úr 3.203 milljónum króna í 3.466 milljónir króna, um 263 milljónir króna milli ára eða um 8%, og eru nú 15,6% af heildaráætlun sveitarfélagsins. Helstu ástæður þessarar aukningar eru almennar kjarasamningshækkunarir, fjölgun stöðugilda í þjónustu við fatlað fólk, heilsuefingarverkefni fyrir aldraða og snemmtæk íhlutun og stuðningur við barnafjölskyldur.

Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir nýmæli og viðbætur í fjárhagsáætlun fjölskyldusviðs fyrir árið 2018.

Aukin stöðugildi á búsetukjörnum	10.000.000
Suðurgata 14	36.526.811
Kostnaður vegna Fannborgar	-25.000.000
Samstarf við Starfsendurhæfingu Hfj.	8.000.000
Hækkun á fjárhagsaðstoðarkvarða	6.511.305
Hækkun þjálfunarstyrks í Fjölsmiðju	1.000.000
Frekari liðveisla	4.871.807
Heilsuefing eldri borgara	18.788.000
Samvinna fagfólks/snemmtæk íhlutun	19.487.228
	80.185.151

02020 Skrifstofa fjölskylduþjónustu

Launakostnaður á skrifstofu fjölskylduþjónustu hækkar um 4% milli áætlana 2017 og 2018. Almennar kjarasamningshækkunarir og starfsmat skýra þessa hækkun.

02101 Fjárhagsaðstoð

Almenn fjárhagsaðstoð hækkar um 5,2 milljónir króna á milli áætlana 2017 og 2018, eða um 3%. Fjárhagsaðstoð er áætluð 180 milljón krónur í áætlun 2018. Í reglum sveitarfélagsins er gert ráð fyrir hækkun fjárhagskvarða árlega í samræmi við neysluvísitölu. Árið 2018 hækkar kvarðinn umfram það og fer úr 165.600 krónum í 177.600 krónur. Gert er ráð fyrir að fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins hafi náð jafnvægi, en hún hefur farið stöðugt lækkandi síðustu tvö ár. Áfram-verkefnið hefur verið fest í sessi en umfang Áfram-starfa verður þó minna í ljósi betra atvinnuástands. Sú nálgun fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar að hvetja og styðja fólk til vinnu og virkni í stað óvirkar fjárhagsaðstoðar er orðin viðurkennd leið á landsvísi og horft hefur verið til árangurs og aðferða sem þróast hafa hjá sveitarfélaginu. Áætlaðar eru tvær milljónir króna vegna samnings á milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Reykjavíkurborgar um aðkomu Hafnfirðinga að gistiheimilum borgarinnar fyrir heimilislausa. Hér er um nýtt samstarf að ræða, en skrifað var undir samning við borgina á árinu 2017. Í bókun velferðarráðs Reykjavíkurborgar 17. ágúst 2017 er vakin athygli á samningnum, honum fagnað og önnur sveitarfélög hvött til að fara þá leið sem valin hefur verið í Hafnarfirði. Auk þess er gert ráð fyrir fjármagni vegna samninga við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, Specialisterne og hækkunar þjálfunarstyrks í Fjölsmiðjunni. Hér er um að ræða starfsemi sem styður við þá nálgun að hvetja óvirkt ungt fólk til virkni og skapa tækifæri við hæfi. Unnið er í samvinnu við Rauða krossinn að stuðningi við unga einstaklinga á fjárhagsaðstoð.

02103 Húsaleigubætur

Um síðustu áramót öðluðust gildi ný lög um húsnæðisstuðning sem fela meðal annars í sér að almennur húsnæðisstuðningur er alfarið hjá ríki en sérstakur húsnæðisstuðningur hjá sveitarfélögum. Breyting á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga skapar fjárhagslegt svigrúm í þágu húsnæðisverkefna. Talsvert færri nýttu sér sérstakan húsnæðisstuðning 2017 en áætlað hafði verið og nam fækkunin 825 umsóknum miðað við fyrstu níu mánuðina 2017 og 2016. Í fjárhagsáætlun 2018 er ekki gert ráð fyrir lækkun sérstaks húsnæðisstuðnings í samræmi við niðurstöðu ársins 2017. Unnið er að því að kynna þennan stuðning og hvetja leigjendur til að sækja um eigi þeir þann rétt. Reglur sveitarfélagsins um sérstakan húsnæðisstuðning fela í sér að greidd eru 90% af upphæð almenna

húsnæðisstuðningsins þannig að hafi leigjandi rétt til almenna húsnæðisstuðningsins hefur viðkomandi jafnframt rétt til 90% af almenna húsnæðisstuðningnum sem sérstaka stuðningsins. Sækja þarf um sérstaka stuðninginn til sveitarfélagsins en ríkið greiðir almenna stuðninginn. Ríkið hefur lýst yfir að farið verði í kynningu á almenna húsnæðisstuðningnum, sem hefur þá sjálfkrafa þau áhrif að sérstaki húsnæðisstuðningurinn hjá sveitarfélaginu hækkar. Gert var samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga þess efnis að fjárhagslegt svigrúm sem skapaðist vegna þeirra lagabreytinga sem urðu í byrjun árs yrði nýtt til uppbyggingar í þágu húsnæðismála í sveitarfélögunum. Hafnarfjarðarkaupstaður hefur gætt þess að nýta svigrúmið í kaup á íbúðum og veitingu stofnframlaga. Síðustu árin hefur auk þess verið lögð áhersla á fjölgun íbúða í félagslega húsnæðiskerfi sveitarfélagsins. Keyptar voru íbúðir fyrir 100 milljónir króna á síðasta ári, 200 milljónum króna var varið í íbúðakaup á árinu 2017 og fyrirhugað er að verja 500 milljónum króna á ári til kaupa á íbúðum árin 2018 til 2021. Nú þegar hafa sex íbúðir verið keyptar á árinu 2017 og úthlutað til einstaklinga og fjölskyldna sem hafa verið í bið eftir íbúð í félagslega leigukerfi sveitarfélagsins.

Barnavernd

Gert er ráð fyrir hækkan dvalarkostnaðar í barnavernd. Er þá byggt á reynslu síðustu ára, en stöðug fjölgun hefur verið í mála fjölda og þar með þunga og flókinna mála. Vistun barna hefur verið óhjákvæmilegt úrræði í erfiðum og flóknum barnaverndarmálum til verndar og stuðnings við börn. Áætlun 2018 gerir ráð fyrir 195 milljónum króna og er þar um að ræða hækkan að fjárhæð 10,8 milljónir króna frá áætlun 2017.

Lögum samkvæmt setur Hafnarfjarðarkaupstaður sér Framkvæmdaáætlun í barnavernd í upphafi hvers kjörtímabils. Í samræmi við núgildandi Framkvæmdaáætlun er unnið að undirbúningi vistheimilis fyrir börn í samvinnu við Kópavogsbæ. Bæði sveitarfélögin hafa til margra ára verið með verktakasamning við sitthvora fjölskylduna um móttöku og vistun barna sem þurfa bráðavistun á vegum barnaverndar. Slíkt úrræði er nauðsyn þegar meðal annars þarf að fjarlægja börn af heimilum vegna erfiðra aðstæðna, börn eru vegalaus o.fl. Áform eru uppi um að koma með tillögu að rekstri heimilis sem yrði á vegum sveitarfélaganna beggja. Starfsfólk yrði ráðið hjá sveitarfélögunum. Það er mat þeirra sem að málum koma að nauðsynlegt sé að formlegri umgjörð sé um þetta starf, auknar kröfur eru með flóknari málum, auknar faglegar áherslur hafa komið til o.s.frv. Starfshópur var settur á laggirnar með yfirmönnum barnaverndar í báðum sveitarfélögum auk fleiri starfsmanna með sérþekkingu á þessum málum. Starfshópurinn á að greina stöðuna bæði fjárhagslega og faglega. Unnið er að skýrslu um stöðu og hugmyndum að útfærslu og er þess að vænta að niðurstöður liggi fyrir árið 2018 þannig að hægt verði að gera áætlanir um framkvæmd og uppbyggingu á árinu 2019.

02403 Heimaþjónusta aldraðra og öryrkja

Unnið er að undirbúningi verkefnis um fjölþætta heilsurækt 65 og eldri í Hafnarfirði – Heilsueflingu fyrir eldri aldurshópa. Fyrirmyndin að verkefninu er doktorsverkefni dr. Janusar Guðlaugssonar, íþrótt- og heilsufræðings. Niðurstöður hafa sýnt fram á að með markvissri þátttöku í fyrirbyggjandi heilsurækt eldri aldurshópa má efla hreyfigetu 70-90 ára einstaklinga, auka afkastagetu þeirra, sér í lagi þol, styrk og hreyfigetu, auka lífsgæði hinna eldri og koma í veg fyrir hreyfiskerðingu. Einnig sýnir verkefnið fram á mjög jákvæð áhrif við að draga úr áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma. Hreyfing dregur einnig úr sjúkdómum sem hafa áhrif á heilastarfsemi, eins og heilabilun. Meginmarkmið verkefnisins er að bjóða þátttakendum upp á heilsueflingu til lengri tíma. Um er að ræða íhlutun í formi daglegrar hreyfingar með áherslu á þol- og styrktarþjálfun auk fræðslu um næringu og aðra heilsutengda þætti. Þátttakendur fá þjálfunaráætlun þar sem lögð er áhersla á styrktar- og þolþjálfun auk fyrirlestra um næringu og heilsutengda þætti tengda eldri aldurshópum. Þátttakendur fá að jafnaði þrjár þjálfunarstundir í hverri viku; tvær styrktaræfingar og eina þolæfingu. Þátttakendur fá einnig regluleg fræðsluerindi, reglulegar mælingar og reglulegt endurmat. Þar fyrir utan fá þátttakendur áætlun til lengri tíma með daglega hreyfingu að leiðarljósi.

Stefnt er að því að formleg þjálfun hefjist í byrjun árs 2018. Gert er ráð fyrir að allt að 160 einstaklingar á aldrinum 65 ára og eldri sem dvelja í sjálfstæðri búsetu í Hafnarfirði og eiga þar lögheimili taki þátt í verkefninu. Stefnt skal að jafnri þátttöku karla og kvenna. Þátttökugjald einstaklings er 5.000 krónur á mánuði. Hægt verður að nýta tómstundastyrk bæjarins til að greiða þátttökugjaldið.

Haldið verður áfram að þróa þjónustu við eldri borgara í heimahúsum, svo sem með nýtingu velferðartækni, og greind verður þörf fyrir aukið þjónustustig.

02501 Liðveisla fatlaðs fólks

Launakostnaður vegna liðveislu fatlaðs fólks hækkar um 14,1 milljón króna árið 2018, sem stafar af aukinni þörf fyrir þessa þjónustu. Samkvæmt stefnumörkun fjölskylduráðs verður farið af stað með ný atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk árið 2018 og er vísað í umfjöllun hér að framan um væntanlega starfsemi að Suðurgötu 14.

02502 Ferðapjónusta fatlaðs fólks

Gert er ráð fyrir óbreyttu framlagi 2018 að viðbætti 6% hækkun þar sem ekki náðist fram sú hagræðing sem stefnt var að hjá Strætó bs. Samningurinn við Strætó bs. fellur úr gildi í árslok 2019 og hefur verið stofnaður starfshópur á vettvangi SSH sem mun hefja undirbúning við endurskoðun samningsins og greina nýjar leiðir í þjónustunni. Árið 2014 (Strætó bs tók yfir ferðapjónustu fatlaðs fólks í ársbyrjun 2015) var kostnaðurinn vegna ferðapjónustu fatlaðs fólks 82 milljónir króna en áætlun 2018 hljóðar upp á 202 milljónir króna. Við þennan samanburð verður að taka tillit til þess að ekki er tekið með í reikninginn hvort ferðum hafi fjölgað eða þjónustustig hækkað. Með hliðsjón af því hversu mikið kostnaðurinn jókst við að færa umsýslu verkefnisins yfir til Strætó hlýtur að koma til skoðunar við samningslok hvort Hafnarfjarðarkaupstaður taki verkefnið yfir aftur og bjóði verkið út.

02503 Málefni fatlaðs fólks

Lögð er áhersla á að þjónusta fatlað fólk í sjálfstæðri búsetu. Tveir búsetukjarnar veita einnig svokallaða utankjarnapjónustu, þ.e.a.s. starfsfólk veitir einnig þjónustu til fólks í heimahúsum. Er hér meðal annars litið til áherslna í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Í fjárhagsáætlun 2018 er gert ráð fyrir því að Hafnarfjarðarkaupstaður haldi áfram með NPA-samninga, en í frumvarpi til laga um þjónustu við fatlað fólk með sértækar stuðningsþarfir er gert ráð fyrir lögbindingu þjónustunnar. Gert er ráð fyrir innleiðingartímabili til ársins 2021. Þrátt fyrir að frumvarpið sé ekki orðið að lögum er gert ráð fyrir endurnýjun þeirra samninga sem fyrir hendi eru.

Lækur, dagþjónusta fyrir geðfatlað fólk, hefur verið rekinn í samvinnu við Rauða krossinn. Í samræmi við stefnu Rauða krossins mun hann draga sig út úr rekstrinum um áramótin 2017/2018 og Hafnarfjarðarkaupstaður mun alfarið sjá um rekstur þjónustunnar. Sú breyting verður að styrkur sem áður var greiddur til Rauða krossins vegna Lækjar fer nú beint í reksturinn. Ekki er gert ráð fyrir útgjaldaaukningu vegna þess. Rauði krossinn mun áfram hafa tengingu við Læk með sjálfboðaliðum og ráðgjöf.

Á árinu 2018 verða laun til stuðningsfjölskyldna hækkuð til samræmis við launaþróun. Tekist hefur að koma til móts við þarfir um stuðningsfjölskyldur og verður gætt að því að svo verði áfram.

Eins og hér að framan er getið eflist atvinnu, félagsstarf o.fl. fyrir fatlað fólk árið 2018 með tilkomu Suðurgötu 14.

Búsetukjarnar/heimili fatlaðs fólks

Stöðugildum á heimilum fatlaðs fólks fjölgar um rúm 1,4 stöðugildi, en búsetukjarnar sem sveitarfélagið rekur eru tíu. Íbúar eru að eldast og veikjast og þurfa aukna umönnun og stuðning.


Áhersla er á að efla menntunarstig starfsfólks á heimilum og starfsstöðvum fatlaðs fólks. Það leiðarljós verður áfram við ráðningar að faglært starfsfólk verður ráðið í þær stöður sem losna, sé þess nokkur kostur. Markið verður sett á að a.m.k. 40% starfsfólks séu með fagmenntun og þessu markmiði verði náð innan tveggja ára.

Flóttamenn og hælisleitendur

Samningur við Útlendingastofnun (ÚTL) verður endurnýjaður og stækkaður á haustmánuðum 2017. Undirritaður var samningur milli Útlendingastofnunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar í október 2015. Sá samningur felur í sér að sveitarfélagið sér um að þjónusta þrjár fjölskyldur sem eru í hælisleit á meðan mál þeirra er í vinnslu hjá Útlendingastofnun. Leigðar voru þrjár íbúðir á frjálsum markaði vegna samningsins og starfsmaður ráðinn í 50% stöðugildi til að sinna þjónustunni. ÚTL óskaði eftir endurnýjun og stækkun samningsins og hefur verið fallist á að taka yfir þjónustu við hælisleitendur sem nú þegar eru í sveitarfélaginu en eru í þjónustu ÚTL. Um er að ræða allt að 60 einstaklinga. Þeir 15 sem voru í eldri samningi falla þá úr þjónustunni. Samningurinn er liður í því hlutverki stjórnvalda að tryggja þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á meðan mál þeirra eru til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum. Fyrir þjónustu sem veitt er á grundvelli samningsins greiðist daggjald að upphæð 7.999 krónur fyrir hvern umsækjanda, þar af er áætlað að 80% upphæðarinnar séu vegna fasts kostnaðar sem greiðist óháð nýtingu. Þá greiðir ÚTL Hafnarfjarðarkaupstað árlegt fastagjald fyrir þjónustuna og nemur það 12,3 milljónum króna. Fastagjaldinu er ætlað að standa straum af launa- og rekstrarkostnaði. Áætlað er að greiðslur frá Útlendingastofnun vegna þessarar þjónustu standi undir rekstri. Tveir starfsmenn verða ráðnir til að sinna þjónustunni og standa greiðslur frá ÚTL straum af þeim kostnaði.

Rekstraryfirlit:

Fjölskylduþjónusta – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	346	223	583
Samtals tekjur	346	223	583
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	1.872	1.606	1.511
Annar rekstrarkostnaður	1.940	1.820	1.972
Samtals gjöld	3.812	3.426	3.438
Rekstrarniðurstaða	(3.466)	(3.203)	(2.901)

Skipting fjármagns hjá fjölskylduþjónustu í fjárhagsáætlun 2017:

Mannauður

Stöðugildi sviðsins og stofnana sem heyra undir sviðið:

Fjölskylduþjónusta	Fjöldi stöðugilda 2018	Fjöldi starfsmanna 2018	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsmanna 2017	Breyting stöðug. 2018/2017
Skrifstofa félagsþjónustu	22,4	23	21,9	23	0,5
Áfram	2,1	3	3	5	-0,9
Barnaverndarmál	2,5	4	-		2
Tómstundast. aldraðra	1,8	5	2,2	4	-0,4
Heimaþjónusta	15,7	26	18,7	23	-3
Félagsþjónustan Hraunsel	3,5	5	3,5	5	0
Atvinna með stuðningi/öryrkjar	8	17	8	17	0
Málefni fatlaðs fólks	3	3	2,5	3	0,5
Straumhvörf	10,1	14	9	17	1,12
Berjahlíð	9,3	13	9,3	14	0
Blikaás	10,5	20	10,6	18	-0,1
Einiberg	7,5	13	7,5	13	-0,05
Erluás	7	11	6,8	11	0,2
Smárahvammur	7,7	10	7,4	12	0,3
Steinahlíð	7,7	14	7	13	0,7
Svöluás	8,6	10	8,3	13	0,3
Svöluhraun	7,6	13	7,5	14	0,1
Hnotuberg	8,8	17	8,5	16	0,3
Hæfingarstöðin Bæjarhrauni	11,5	13	11,5	13	0
Þjónustuíbúðir Drekaöllum	10	14	8,7	11	1,25
Lækur	2,5	3	1,5	2	1
Húsið	15,5	20	13	17	2,53
Kletturinn	3,4	6	2,8	5	0,6
Samtals	186,7	277	179,2	269	7,5

Fjölskylduþjónusta	Stöðugildi 2018	Stöðugildi 2017	Stöðugildi 2016
Skrifstofa	22,4	21,9	20,5
Áfram verkefni/barnavernd	4,6	3,0	6,0
Þjónusta við aldraða	21,0	24,4	25,6
Þjónusta við fatlað fólk	138,7	129,9	114,0
Samtals	186,7	179,2	166,1

Húsið og Kletturinn fluttust yfir til fjölskylduþjónustunnar 2017 og skýrir það fjölgun stöðugilda á milli áronna 2016 og 2017.

2.5 Fræðslu- og frístundapjónusta

Undir fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar heyra málefni dagforeldra, leikskóla, grunnskóla, íþróttar og tómstunda, tónlistarskóla og námsflokka í Hafnarfirði. Yfirstjórn málefna fræðslu- og frístundapjónustu fer fram í gegnum sviðsskrifstofu hennar. Fjárheimild sviðsins hækkar í heild sinni úr 13 milljörðum króna í 14 milljarða króna, eða um 1 milljarð króna, sem samsvarar 7,8% hækkun á milli ára.

Fjárheimild vegna fræðslu- og uppeldismála hækkar um 867 milljónir króna á árinu, eða um 7,8%. Launakostnaður hækkar um 472 milljónir króna, eða um 6%, á milli ára. Óvissa er vegna kjarasamninga grunnskólakennara. Sá þáttur mun hafa áhrif á áætlanir sviðsins á fjárhagsárinu. Áætlunin gerir ráð fyrir þessum óvissuþætti.

04 – Fræðslu- og uppeldismál

Sameiginlegur kostnaður

Áhersla er lögð á stuðning við öflugt starf nemenda í öllum skólum Hafnarfjarðarkaupstaðar. Þar er einna helst áframhaldandi áhersla á bættan námsárangur með áherslu á samspil árangurs og líðan einstaklingsins. Forgangsröðun fjármagnsins miðar að því að hámarka gæði skólastarfsins svo að nemendur séu ánægðir, hafi jákvæða sjálfsmynd og sterkan grunn til að takast á við áskoranir til árangurs í lífi og starfi.

- Sérstaklega er lögð áhersla á að sinna endurnýjun búnaðar og rekstrarviðhaldi stofnana sem tilheyra sviðinu. Viðbætur við þann lið eru 20 milljónir króna á árinu, sem skipt verður út frá óskalistum og áherslum hvernar stofnunar fyrir sig. Samtals er því gert ráð fyrir að verja í viðhald og endurnýjun búnaðar 58 milljón krónum. Í október 2017 var samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun 2017. Samkvæmt honum var samþykkt að verja viðbótarfjármagni að upphæð 10 milljónir króna á árinu 2017 til endurnýjunar á búnaði í grunn- og leikskólum. Mismikil þörf er milli stofnana. Auk þess leggur umhverfis- og skipulagssvið til 340 milljónir króna í viðhald á húsnæði og lóðum stofnana sviðsins, sem er tvöföldun á viðhaldsfé til sviðsins milli ára.

Viðhaldsfé til leik- og grunnskóla og íþróttamannvirkja (umhverfis- og skipulagssvið)

Áætlað fjármagn 2018	% skipting	upphæð í kr.
Skólar	38,3%	168.000.000
Leikskólar	15,3%	67.200.000
Sundlaugar/íþróttahús	24,0%	105.000.000
Samtals	100%	340.200.000

- Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun í leik- og grunnskólum. Verkferlar innan skólanna og skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustu og stuðningur við nemendur með fjölþættan vanda hafa verið til endurskoðunar. Fjöldi barna glímur við fjölþættan vanda sem birtist á mismunandi hátt, meðal annars í slæmri líðan, félagslegri einangrun, hegðunarvanda, útilokun, hegðunar- og/eða samskiptavanda og einelti. Afleiðingar geta verið mjög alvarlegar og haft neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu. Reynslan sýnir og rannsóknir benda á að börn sem glíma við slíkan vanda þurfa mörg hver á stuðningi frá stofnunum samfélagsins að halda jafnvel langt fram á fullorðinsár. Því er afar mikilvægt að sveitarfélagið styðji við börn og fjölskyldur þeirra á fyrstu stigum.

Líðan og velferð barna er mikilvægasta ástæða þess að Hafnarfjarðarkaupstaður fór af stað með starfshóp sem samanstendur af sérfræðingum fjölskyldupjónustu og fræðslu- og frístundapjónustu og sem lagt hefur fram tillögur að samvinnu sviðanna sem miðar að snemmtækri íhlutun í fjölþættum vanda barna. Tillagan leggur til að starfsmönnum fjölskyldupjónustu fjölgi um þrjá á árinu og komi að málum nemenda á fyrri stigum máls, áður en vandinn er orðinn það flókin og erfiður að kalla þurfi til barnavernd.

Þannig yrði jafnframt tryggt samstarf skóla bæjarins og fjölskyldupjónustu sem vinnur samkvæmt víðasta ramma laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá gefst sveigjanleiki til að efla stuðningsþjónustu hjá fjölskyldupjónustu og gerir henni kleift að koma inn í málefni fjölskyldna áður en málin verða það erfið að tilkynning þurfi að berast til barnaverndar.

Einnig er vert að minnst á að vandinn sem um ræðir er kostnaðarsamur. Þá er ótalið það álag sem þetta veldur nemendum, foreldrum, kennurum og starfsfólki skóla og frístundastarfs. Þegar vinna á með fjölþættan vanda þarf hvort tveggja að vinna með einstaklinginn sjálfan og umhverfið sem hann tilheyrir, heimilið og skólann. Þessi breyting endurspeglast í breyttu vinnulagi og verkferlum innan skrifstofunnar og meiri áherslu á snemmtæka íhlutun.

- Að auki verða lagðar til fjórar milljónir króna í skimun á kvíða og þunglyndi unglunga og fjölgun stöðugilda sálfræðinga innan skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu. Fjöldi grunnskólanemenda í Hafnarfirði á hvert stöðugildi sálfræðings fer úr 1.200 í rúm 800. Stöðugildum sálfræðinga fjölga um 1,9 og verða því alls 7 stöðugildi á árinu 2018. Markmiðið er að ganga á biðlista, vinna markvisst að forvörnum og efla úrræði við nemendur með greiningar og fjölþættan vanda. Starfshópur um bættar starfsaðstæður grunnskólakennara tilgreindi að efla þyrfti þjónustu og stuðning við skólana sem eitt af mikilvægustu forgangsverkefnum sveitarfélaga til að minnka álag á skólakerfið til handa starfsfólki og nemendum. Viðeigandi stoðþjónusta sem miðast við þarfir einstakra nemenda þarf að vera í boði innan skólanna eftir því sem við á og leitast þarf við að fella slíkt starf með eðlilegum hætti inn í nám og kennslu. Efling á aðgangi nemenda að fjölbreyttri félags- og heilbrigðisþjónustu, þverfagleg samvinna, ráðgjöf og handleiðsla bæði innan skóla sem utan er hluti af þeirri vinnu sem hafin er til að bæta starfsumhverfi skóla.
- Húsumsjónarmenn færðust á haustdögum 2017 yfir á svið fræðslu- og frístundaþjónustu frá umhverfis- og skipulagsþjónustu. Húsumsjónarmenn heyra því beint undir skólastjóra grunnskóla en leikskólastjórar hafa boðvald og aðgang að húsumsjónarmanni a.m.k einu sinni í viku. Samstarf leik- og grunnskólastjóra um skiptingu vinnutíma og reglulegir samráðsfundir húsumsjónarmanns og stjórnenda eru forsendur þess að samstarfið gangi vel. Neðangreindur listi sýnir skiptingu milli skóla:
 - Lækjarskóli/Norðurberg/Hörðuvellir/Arnarberg
 - Öldutúnsskóli/Menntasetrið/Hvammur
 - Setbergsskóli/Hlíðarberg/Hlíðarendi
 - Hvaleyrarskóli/Brekkuhvammur/Vesturkot/Álfasteinn
 - Víðistaðaskóli/Víðivellir/Álfaberg/Hjalli
 - Hraunvallaskóli/Skarðshlíðarskóli/Hamravellir
 - Bjarkalundur/Stekkjars
- Skipting þróunarsjóðs og áframhaldandi áhersla á bættan námsárangur og innleiðingu spjaldtölva:

Verkefni	Fjárhæð
UT spjöld (miðstignemendur) – um 1.250 (utan Áslandsskóla)	75.000.000
½ staða UT kennsluráðgjafa í hvern grunnskóla (6 skólar)	15.000.000
1 staða UT kennslufulltrúa fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar	10.000.000
10% staða UT ráðgjafa í leikskóla	12.000.000
½ staða kennsluráðgjafa um bættan námsárangur	8.000.000
Fjármagn í C-hluta kjarasamnings FG og SNS (fagstjórnun o.fl.)	35.000.000
UT búnaður í leik- og grunnskóla	5.000.000
Samtals	160.000.000

Nú þegar hefur þróunarsjóður fjármagnað spjaldtölvur fyrir allt unglingastig, hverja deild á leikskólum og alla grunnskólakennara Hafnarfjarðarkaupstaðar. Nemendur fá spjöldin afhent á haustönn (2017) og kennarar á vorönn (2018). Á árinu 2018 verða keyptar spjaldtölvur fyrir allt miðstig auk þess sem stöður kennsluráðgjafa í grunn- og leikskólum og kennslufulltrúa á skrifstofu eru fjármagnaðar úr þróunarsjóði. Endurmenntun og innleiðing felst í kostnaði við kennsluráðgjafa og kennslufulltrúa sem heldur utan um stefnumótun og endurmenntun kennara. Auk þess er 50% staða kennsluráðgjafa bættis námsárangurs, lestrarstefnu okkar, „*Lesturs er lífsins leikur*“, einnig fjármögnuð úr þróunarsjóði. Gert er ráð fyrir að skólastjórar hafi til ráðstöfunar vegna C-hluta kjarasamnings FG og SNS 35 milljónir króna á árinu 2018. Þetta var ekki árið 2017.

Leikskólar og dagvistunarmál

- Á þessu fjárhagsári verður fyrsta skrefið stigið í að auka rými barna á leikskólum þegar lágmarksfermetrafjöldi í leikrými verður hækkaður úr 3,2 fermetrum og bundinn við 3,5 fermetra fyrir hvert barn og lágmarksheildarrými fyrir hvert barn verði aukið úr 7,2 fermetrum fyrir hvert barn í 8 fermetra. Þessi

aðgerð felur í sér að í nokkrum skólum svo sem Álfabergi, Arnarbergi, og Smáralundi mun fjöldi barna í einstaka barnahóp dragast saman á árinu. Gert er ráð fyrir óverulegum kostnaðarauka vegna aðgerðarinnar. Sérstakur starfshópur hefur verið stofnaður sem hefur það hlutverk að móta frekari tillögur og aðgerðaráætlun að því hvernig bæta má vinnuumhverfi barna og starfsmanna í leikskólum Hafnarfjarðar. Sérstaklega koma til skoðunar stærðir barnahópa, leikrými og heildarrými skólanna og stytting vinnuviku.

- Leikskólagjöld í leikskólum verða óbreytt á milli ára. Er þetta fimmta árið í röð sem dvalargjöld á leikskólum bæjarins hafa verið þau sömu, eða frá árinu 2014.
- Aukin áhersla er lögð á að styðja við og auka faghlutfall í leikskólum. Undirbúningstími fagfólks verður áfram sá sami, og ófaglærðir fá að auki einn tíma í undirbúning sem leikskólastjóri dreifir á deildir í samráði við deildarstjóra. Kostnaður vegna þessa er áætlaður 18 milljónir króna.
- Yfirvinnustundum starfsmanna í leikskólum fjölga úr 21 stund í 44 frá 1. janúar 2018, samtals aukning um 52,5 milljónir króna. Með þessari fjölgun yfirvinnustunda fá leikskólastjórar aukið svigrúm í rekstri leikskólanna til að koma til móts við aukið álag, manneklu og þau fjölmörgu verkefni sem leikskólinn stendur frami fyrir.
- Sérkennslustjórar fá 100% laun eins og aðstoðarleikskólastjórar frá 1. janúar 2018, samtals aukning um 1,5 milljónir króna. Með því komum við til móts við aukna stuðningsþörf í leikskólum.
- Fjármagn í vettvangsferðir í leikskólum verður aukið um þrjár milljónir króna. Einnig verður fjármagn til námsgagnakaupa aukið um 2,5 milljónir króna.
- Stofnaður verður miðlægur stuðningstímapottur til úthlutunar til leikskóla vegna flóttafólks, 1,5 milljónir króna. Þróunarfulltrúi leikskóla hefur til umráða fjármagn til að koma til móts við þá þörf sem hefur myndast.
- Áfram verður stutt við starfsmenn leikskóla í réttindanámi til B.Ed.-prófs í leikskólakennarafræðum með afleysingu þegar starfsfólk sækir nám á vinnutíma. Námskostnaður í skólabrú verður áfram greiddur fyrir þá sem vilja sækja sér menntun sem leikskólaliðar.
- Framlag vegna niðurgreiðslu á daggjöldum til dagforeldra hækkar um 2,7%. Viðmiðsaldur sérstakrar greiðslu til barna á leikskólaaldri lækkaði í 15 mánuði frá 1. ágúst 2017.
- Leikskólapláss á miðbæjarsvæði. Gert er ráð fyrir að undirbúningur á byggingu leikskóla í suðurbæ/miðbæ fari af stað á árinu í samvinna við umhverfis- og skipulagssvið. Framkvæmdir hefjist síðan á árinu 2019 og ljúki árið 2020.
- Í framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir að starfsmannaaðstaða í Leikskólanum Hvammi verði stækkuð. Þarfagreining og hönnun liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði um 40 milljónir króna. Verkið verður boðið út fljótlega eftir að fjárhagsáætlun 2018 hefur verið samþykkt.

Grunnskólar

- Sett verður fjármagn í C-hluta kjarasamnings FG og SNS, samtals 35 milljónir króna á árinu. Skólastjórar fá fjármagn til ráðstöfunar til C-hluta kjarasamnings vegna greiðslna til grunnskólakennara vegna þróunarstarfs og forystuhlutverka í teymum.
- Fjármagn til handleiðslu og símenntunar/starfsþróunar kennara. Mikið mæðir á grunnskólakennurum. Áherslur starfshóps um bættar starfsaðstæður kennara og kannanir sýna að koma þurfi til móts við álag og streitu stéttarinnar. Skólastjórar fá aukið fjármagn til ráðstöfunar til grunnskólakennara í handleiðslu og frekari endurmenntunar sem nýtist beint í starfi þeirra. Styrkja þarf kennara og efla starfsþróun, starfshæfni og faglegt öryggi þeirra. Þetta er skref í átt til að auka stoðkerfi í kringum kennara og nemendahópinn með ráðgjöf og handleiðslu. Samtals aukning um 1,7 milljónir króna.
- Aukið fjármagn til bókakaupa á skólasöfn, samtals aukning um eina milljón króna.
- Aukið fjármagn til list- og verkgreinakennslu, samtals aukning um 1,5 milljónir króna.
- KVAN, verkfærakista fyrir miðstig grunnskóla. Verkfærakistan er fyrir fagfólk í skólum og frístundastarfi. Verkefnið miðar að því að gera kennara og annað fagfólk betur í stakk búið til að bæta líðan barna, auka samkennd og efla félagsþroska. Sérstök áhersla er lögð á að bæta stöðu þeirra barna sem líður illa og hafa orðið fyrir einelti. Verkefnið fer af stað í janúar á miðstigi allra grunnskóla og eru hugmyndir um að halda því áfram á skólaárinu 2018- 2019. Samtals aukning um tvær milljónir króna.
- Skimanir á kvíða og þunglyndi á unglingastigi. Kostnaður áætlaður um fjórar milljónir króna.
- Gert er ráð fyrir rekstri grunnskóla í Skarðshlíð á nýjum stað frá og með hausti 2018. Skarðshlíðarskóli tekur til starfa í fyrsta áfanga í nýju húsnæði á haustdögum 2018. Gert er ráð fyrir 1.-5. bekk í þeim áfanga.
- Gjaldskrá hádegisverða nemenda er óbreytt á milli ára.

Önnur fræðslustarfsemi

Allir kennarar Tónlistarskóla Hafnarfjarðar fengu spjaldtölvur á árinu 2017. Búnaður var endurnýjaður í sal skólans og verður áframhald á endurnýjun búnaðar í tónlistarskólanum líkt og í öðrum skólum bæjarins. Útibú frá tónlistarskólanum verður í nýjum skóla í Skarðshlíð og undirbúningur að því starfi heldur áfram á árinu. Gjaldskrá er óbreytt á milli ára.

Rekstraryfirlit:

Fræðsluþjónusta – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	1.045	984	1.036
Samtals tekjur	1.045	984	1.036
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	8.438	7.918	7.248
Annar rekstrarkostnaður	4.775	4.427	4.142
Samtals gjöld	13.213	12.345	11.390
Rekstrarniðurstaða	(12.168)	(11.361)	(10.354)

Stöðugildi og starfsmanna- og nemendafjöldi sviðsins og stofnana sem heyra undir það eru sem hér segir:

Leikskólar	Fj. stöðu- gilda 2018	Fj. stm. 2018	Fj. nem. 2018	Fjöldi dval. gilda 2018	Fj. stöðu- gilda 2017	Fj. stm. 2017	Fj. nem. 2017	Fjöldi dvalar- gilda 2017
111-Álfaberg	23,86	27	94	1.029	26,8	30	94	1.010
112-Norðurberg	30,64	33	108	1.137	31,5	34	107	1.203
113-Arnarberg	26,47	28	90	895	25,3	28	90	972
114-Smáralundur	17,25	20	58	558	16,6	19	59	570
115-Viðivellir	39,98	46	126	1.354	39,7	46	126	1.257
116-Hvammur	32,53	38	127	1.254	33,1	35	128	1.231
118-Hlíðarberg	24,71	32	101	976	28,2	31	105	1.060
119-Vesturkot	26,74	30	84	951	24,9	26	84	919
121-Hlíðarendi	24,92	27	89	1.026	23,6	27	90	971
122-Hörðuvellir	19,99	22	83	802	20,6	22	84	809
123-Álfasteinn	23,47	25	82	832	24	26	86	850
124-Tjarnarás	26,67	32	90	912	26,1	32	90	856
125-Stekkjars	47,01	49	176	1.925	46,14	47	168	1.857
126-Hraunvallaskóli	29,67	31	95	1.063	27,1	28	101	1.070
129-Bjarkalundur	25,97	28	84	884	24,7	23	80	
Samtals:	419,88	468	1.487	15.598	418,3	454	1.492	14.635

Fjöldi nemenda, kennslustunda og stöðugilda:

Grunnskólar	Fjöldi kennslu- stunda 2018	Fjöldi stg. í kennslu og stjórnun 2018	Fjöldi stg. annarra starfsm 2018	Fjöldi nem. 2018	Fjöldi kennslu- stunda 2017	Fjöldi kennslu- stunda 2016
Lækjarskóli	1.567	58,8	19,1	525	1.567	1.534
Öldutúnsskóli	1.354	55,8	12,7	533	1.226	1.214
Víðistaðaskóli og Engidalur	1.613	64,3	18,8	711	1.557	1.509
Setbergsskóli	1.182	38,0	19,3	416	1.145	1.081
Áslandsskóli	1.198	45,4	19,1	505	1.204	1.235
Hvaleyrarskóli	1.164	42,6	13	410	942	986
Hraunvallaskóli	2.045	70,5	34,4	818	2.102	1.998
Skarðshlíð	244	12,1	34,4	96		
Barnaskóli Hjallastefnunnar				90		148n
Nú				33		
	10.367	388	142	4.137	9.743	9.557

Önnur fræðslustarfsemi / stöðþjónusta	Stg. 2018	Stm. 2018	Stg. 2017	Stm. 2017	Stg. 2016	Stm. 2016
Skólaskrifstofa	8	9	5,85	6	5,85	6
Sérfræðiþjónusta	16	16	12,7	13	12,7	14
Menntasetrið	1	1	2	2	2	2
Tónlistarskóli (ásamt Tónkvísl)	34,3	48	34,8	48	35,5	50
Lúðrasveit Víðistaðaskóla	2,4	4	1,9	4	2,4	4
	61,7	78	57,25	73	58,45	76

2.6 Æskulýðs- og íþróttamál

Fjárheimild hækkar um 151 milljón króna milli ára, eða um 8%. Fjárheimildin var 1,96 milljarðar króna árið 2017 en er áætluð 2,1 milljarðar króna árið 2018. Gjaldskrár eru óbreyttar á milli ára.

Frístundastyrkir vegna þátttökugjalda í íþrótt- og tómstundastarf hækka þann 1. janúar 2018 úr 3.000 krónum á mánuði í 4.000 krónur, eða um 25%, fyrir börn á aldrinum sex til átján ára. Frá og með áramótum geta nemendur í tónlistarnámi á þessum aldri einnig notað frístundastyrkinn. Áætlað er að útgjöld vegna þessara breytinga hækki á ársgrunni úr 88 milljónum króna í 110 milljónir króna, eða um 25%.

Gert er ráð fyrir hækkun launaliða í Vinnuskóla. Heildarlaun árið 2017 voru áætluð 230,3 milljónir króna og hækkuðu launataxtar um 16% frá árinu 2016. Grunnskólanemendur í 8.-10. bekk munu fá rúmlega 8% launahækkun á árinu 2018. Gert er ráð fyrir að launakostnaðurinn verði samtals 246,5 milljónir króna í allan rekstur Vinnuskólans, en þar eru líka viðhalds-, blóma- og hreinsunarhópar ungs fólks.

Fjöldi unglinga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2017 og þróun tímakaups án orlofs

	Fjöldi	Í skólum Hfj.	Hlutfall (%) unglinga	Tímakaup 2015	Tímakaup 2016	Tímakaup 2017	Tímakaup 2018
8. bekkur	285	363	78%	363	416	502	544
9. bekkur	226	359	63%	410	470	568	615
10. bekkur	138	320	43%	544	625	755	819
	649	1.042	62%				

Íþróttamannvirki

- Síðasta vor og sumar samþykkti bæjarstjórn að hafa lengur opið í sundlaugum bæjarins, en á þeim tíma varð Hafnarfjarðarkaupstaður heilsueflandi sveitarfélag. Þessi tilraun heppnaðist vel og nú liggur fyrir að festa í sessi þennan lengri opnunartíma, sem miðar að því að vera með opið lengur þegar aðsókn er mikil, eða á kvöldin á virkum dögum og á svokölluðum „rauðum dögum“. Frítt verði í sund fyrir börn að 10 ára aldri frá og með næstu áramótum, en þau eru iðulega í fylgd með fullorðnum. Áætlun gerir ráð fyrir aukningu í útgjöldum vegna þessa um 6,5 milljónir króna.
- Næsta vor verður vígður nýr íþróttasalur á Ásvöllum. Reiknað er með að æfingar hefjist þar strax á vormánuðum og íþróttakennsla grunnskólanna næsta haust. Áætlun gerir ráð fyrir um fjórum milljónum króna til viðbótar vegna rekstrar hússins og fimm milljónum króna vegna starfsmannafjölgunar vegna baðvörslu og þrifa.
- Frístundaakstur hófst nú í haust (2017) fyrir sex og sjö ára börn. Verkefnið hefur gengið vel og eru um 300 börn að nýta sér aksturinn. Stefnt er að því að bæta átta og níu ára börnum við á næsta ári, aka oftár á degi hverjum og fjölga þeim greinum sem keyrt verður í. Með þessu styttest vinnudagur barna, akstur foreldra minnkar og íþróttamannvirki verða enn betur nýtt. Áætla má að þessi viðbótarþjónusta kosti um 10 milljónir króna.
- Aukið framlag til búnaðarkaupa í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum er þrjár milljónir króna á árinu.
- Fjárheimildir til hátíðarhalda á 17. júní hækka um 800 þúsund krónur á árinu.
- Virkir samningar eru milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og íþrótt- og tómstundafélaga og hækka rekstrarsamningar um 1,3% að jafnaði en þjónustusamningar við íþróttafélögin hækka um sjö milljónir króna, eða um 9%.
- Brettafélag Hafnarfjarðar er að breytast úr tómstundafélagi í íþróttafélag og nýir samningar við félagið taka mið af því og gert er ráð fyrir 2,5 milljóna króna viðbót vegna þessa.
- Snjóbrettadeild félagsins fær keppnisaðstöðu í Bláfjöllum og þarf að greiða mótagjald upp á tvær milljónir króna á ári vegna þess.

Eftirfarandi tafla sýnir framlög til íþróttafélaganna á næsta ári og síðustu þriggja ára

Félag	2015	2016	2017	Samtals 2018	Rekstur	Þjónusta
Fimleikafélag Hafnarfjarðar						
Íþróttamiðstöð Kaplakrika	86.952	96.990	100.542	101.662	101.662	
Knatthúsið Kaplakrika	27.512	28.066	28.654	29.038	29.038	
Þjónustusamningur	19.511	15.440	16.540	17.425		17.425
Kaplakrikavöllur – sláttur og umhirða	5.504	4.900	4.900	4.966	4.966	
	139.479	145.396	150.636	153.091	135.666	17.425
Knattspyrnufélagið Haukar						
Íþróttamiðstöð Ásvöllum	70.721	85.700	90.331	99.541	99.541	
Þjónustusamningur	18.341	12.720	13.820	14.450		14.450
Íþróttasvæði Ásvöllum – sláttur og umhirða	4.241	4.000	4.000	4.054	4.054	
	93.303	102.420	108.151	118.045	103.595	14.450
Fimleikafélagið Björk						
Íþróttamiðstöð Bjarkar	*	28.890	30.017	30.419	30.419	
Þjónustusamningur	2.550	10.000	11.100	11.450		11.450
	2.550	38.890	41.117	41.869	30.419	11.450
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar						
Afreksstyrkir ÍBH	6.000	6.000	7.000	7.000		7.000
Samningur ÍBH	8.000	8.000	9.000	10.000		10.000
ÍBH – skrifstofa	8.000	8.000	9.000	10.000		10.000
	22.000	22.000	25.000	27.000	0	27.000
Önnur félög						
Golfklúbburinn Keilir	6.988	7.000	7.342	7.440	6.440	1.000
Hestamannafélagið Sörli	12.540	10.660	10.900	11.062	10.062	1.000
Siglingaklúbburinn Þytur	8.200	10.432	6.783	6.874	5.874	1.000

Hamarsvöllur - sláttur og umhirða		3.816	3.816	4.054	4.054	
Skátafélagið Hraunbúar	7.762	8.617	8.276	8.915	8.915	
Íþróttafélagið Fjörður	1.000	1.200	1.300	1.500	500	1.000
Sundfélag Hafnarfjarðar	5.500	4.880	5.400	5.950		5.950
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	400	400	400	400	400	
Dansíþróttafélag	400	2.160	2.400	2.432		2.432
Skákfélagið	200	200	200	200	200	
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	1.500	3.520	3.900	4.300		4.300
Golfklúbburinn Setbergi	0	820	820	800	800	
Kvartmíluklúbburinn	400	400	400	400	400	
Íþróttafélag Hafnarfjarðar	600	600	600	600	600	
Hnefaleikfélag	3.300	3.300	3.529	3.664	2.664	1.000
Bridgefélagið	400	400	400	400	400	
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	400	400	400	400	400	
Brettafélag Hafnarfjarðar	1.386	1.500	1.560	6.650	4.000	2.650
	50.976	60.305	58.426	66.041	45.709	20.332
Samtals:	308.308	369.011	383.330	406.046	315.389	90.657

Rekstraryfirlit:

Æskulýðs- og íþróttamál – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	554	551	573
Samtals tekjur	554	551	573
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	744	703	661
Annar rekstrarkostnaður	1.665	1.595	1.505
Samtals gjöld	2.409	2.298	2.166
Rekstrarniðurstaða	(1.855)	(1.747)	(1.593)

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda stöðugilda og starfsmanna:

Æskulýðs- og íþróttamál	Fjöldi stöðugilda 2018	Fjöldi starfsmanna 2018	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsmanna 2017	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsmanna 2016
Skrifstofa æskulýðsmála	3	3	3	3	4	4
Frístundaheimilið Lækjarsel	8	19	7,9	17	7,9	18
Frístundaheimilið Selið	6,2	14	7,1	11	7,3	15
Frístundaheimilið Hraunkot	5,5	11	5	10	3,9	8
Frístundaheimilið Álfahraun	5,3	11	4,7	12	5,0	10
Frístundaheimilið Krakkaberg	6,4	15	8,3	15	8,3	17
Frístundaheimilið Tröllheimar	5,9	15	7,4	14	7,4	15
Frístundaheimilið Holtasel	4,6	7	3,2	6	4,5	9
Frístundaheimilið Hraunsel	8,2	16	10,6	23	12,4	24
Félagsmiðstöðin Músik og mótör	1,2	3	1,45	3	1,6	3
Félagsmiðstöðin Vitinn	2,2	7	2,2	8	2,2	8
Félagsmiðstöðin Aldan	2,2	7	2,2	7	2,2	7
Félagsmiðstöðin Hraunið	3,6	11	2,2	7	2,2	7
Félagsmiðstöðin Setrið	2,2	6	2,2	8	2,2	8
Félagsmiðstöðin Ásinn	2,2	7	2,2	7	2,2	7
Félagsmiðstöðin Verið	2,2	6	2,2	7	2,2	7
Félagsmiðstöðin Mosinn	2,2	8	2,2	7	2,2	7
Samtals félagsmiðstöðvar og frístundaheimili	71,1	166	74,05	165	77,7	174
Íþróttahús Strandgötu	4	4	4	4	4	4
Íþróttamiðstöðin Björk	-	-	-	-	3,2	4
Samtals íþróttahús	4	4	4	4	7,2	8
Suðurbæjarlaug	10,7	18	12,9	14	12,9	14
Sundhöll Hafnarfjarðar	5	6	5	5	5	5
Ásvallalaug	17,9	21	20,1	22	20,1	22
Samtals sundlaugar	33,6	45	38	41	38	41

2.7 Menningarmál

Menningarmál heyra undir stjórnsýslusvið og heyra forstöðumenn Byggðasafns, Bókasafns og Hafnarborgar því undir sviðsstjóra stjórnsýslusviðs. Verkefnastjóri á stjórnsýslusviði hefur umsjón með viðburðum og menningarmálum öðrum en þeim sem forstöðumenn Byggðasafns, Bókasafns og Hafnarborgar hafa umsjón með og hátíðarhöldum á 17. Júní, en þau eru í umsjón íþrótt- og tómstundasviðs.

Til menningarmála er varið um 430 milljónum króna og er þá framlag til Byggðasafns, Bókasafns og Hafnarborgar meðtalið.

Framlag til leikhúsmála er 20 milljónir króna samkvæmt samningi við Gaflaraleikhúsið. Kostnaður vegna Bæjarbíós er einkum innri húsaleiga og hiti og rafmagn, eða alls um 10,2 milljónir króna. Styrkir til menningarmála sem menningar- og ferðamálanefnd úthlutar hækka ríflega, eða um þrjár milljónir króna, og verða alls átta milljónir króna en að auki eru lagðar til 1,5 milljónir króna vegna bæjarlistamanns.

Framlag vegna höggmyndagarðs er óbreytt, eða þrjár milljónir króna, og verður því unnt að vinna áfram að viðhaldi á útilistaverkum bæjarins.

Framlag vegna ýmissa hátíða, svo sem Bjartra daga, hækkar um 600 þúsund krónur og verður 3,6 milljónir króna. Framlag til Jólþorpsins verður óbreytt, eða 12 milljónir króna.

Rekstraryfirlit:

Menningarmál – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	22	20	28
Samtals tekjur	22	20	28
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	200	194	186
Annar rekstrarkostnaður	253	233	206
Samtals gjöld	453	427	392
Rekstrarniðurstaða	(430)	(407)	(364)

Atvinnumál

Í samræmi við samning bæjarins við Markaðsstofu Hafnarfjarðar (MsH) sinnir MsH verkefnum á sviði ferðamála. Hafnarfjarðarkaupstaður greiðir framlag til MsH, 13,3 milljónir króna, sem ætlað er að standa undir launakostnaði og eina milljón króna sem ætlað er að standa undir öðrum kostnaði við rekstur skrifstofu. Auk þess leggur bærinn MsH til skrifstofuhúsnæði.

Í október síðastliðnum var haldin velheppnuð ferðaþjónusturáðstefna í Hafnarfirði sem Hafnarfjarðarkaupstaður og MsH stóðu fyrir. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 15 milljónum króna til gerðar heildstæðrar stefnumótunar og aðgerðaáætlunar fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Rekstraryfirlit:

Atvinnu- og ferðamál – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	4	4
Samtals tekjur	0	4	4
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	4	13
Annar rekstrarkostnaður	37	20	18
Samtals gjöld	37	24	31
Rekstrarniðurstaða	(37)	(21)	(27)

Bókasafn

Bókasafn Hafnarfjarðar er þekkingarveita og fræðslustofnun sem heldur uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu. Safnið rækir hlutverk sitt með því að jafna aðgengi að menningu og þekkingu og veita bæjarbúum aðgang að upplýsingum og afþreyingu án tillits til forms eða framsetningar. Áhersla er lögð á að safnkosturinn endurspegli sem flest sjónarmið.

Bókasafnið er sú safneining almenningsbókasafna í landinu sem er með flest útlán og ein af þeim sem flestir gestir sækja. Safnkostur er um 130 þúsund eintök og árlega eru lánuð 220-230 þúsund eintök til þeirra 135-140 þúsund gesta er ýmissa hluta vegna heimsækja safnið. Útlán nema því um átta eintökum á hvern bæjarbúa.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir sértekjum að upphæð 13 milljónir króna. Árgjald verður óbreytt fyrir árið 2018 frá árinu 2017. Skilasektir verða óbreyttar frá fyrra ári. Hafa ber í huga að helsti óvissuþátturinn í tekjum safnsins er fjöldi lánþega og útlána.

Stöðugildi eru 14,5 en starfsmenn eru 17. Þeim til viðbótar starfa sex tímavinnustarfsmenn hjá safninu.

Afgreiðslutími verður óbreyttur.

Rekstrarkostnaður fasteigna bókasafnsins er samkvæmt áætlun 37 milljónir króna, en öll starfsemi safnsins fer fram á Strandgötu 1. Stærstu kostnaðarliðir eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.fl. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir aukningu í kaupum á safnefni, meðal annars vegna bókakofforta í leikskóla. Húsgögn verða endurnýjuð að hluta og kynningarbæklingur verður gerður um bókasafnið. Alls nema viðbætur um 2,5 milljónum króna.

Safnið er þátttakandi í mörgum viðburðum og leggur áherslu á viðburðahald og kynningu á safninu næsta starfsár. Eins og undanfarin ár er reiknað með þátttöku í hefðbundnum viðburðum eins og Kynstrunum öllum, Draugabæ, Jólaborpi, Brúðubílum, Safnanótt, læsisátaki, Bóka- og bíódögum, Bókasafnsdeginum og Degi íslenskrar tungu.

Gert er ráð fyrir hækkun vegna þjónustukaupa um 1,7 milljónir króna, en farið verið meðal annars í rýmishönnun á húsnæði safnsins. Þá er stefnt að enn fjölbreyttara viðburðahaldi bókasafnsins, sérstaklega í tengslum við tónlistardeild og viðburðahald fyrir börn og foreldra. Áhugi er fyrir því að bjóða bæjarbúum upp á bókmenntagöngur um bæinn í boði safnsins.

Rekstraryfirlit:

Bókasafn – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	13	14	14
Samtals tekjur	13	14	14
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	123	116	115
Annar rekstrarkostnaður	74	68	62
Samtals gjöld	197	184	177
Rekstrarniðurstaða	(184)	(170)	(163)

Byggðasafn

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Hafnarfjarðar fyrir árið 2018 hljóðar upp á 66,1 milljón króna og skiptist í grófum dráttum þannig að launakostnaður er áætlaður 32,3 milljónir króna og rekstrarkostnaður fasteigna rúmar 28 milljónir króna. Stærstu liðir þessa kostnaðar eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv. Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins og miðlunarhlutverki þess mun nema um 9,4 milljónum króna. Föst stöðugildi á safninu eru 2,8 en að auki eru á safninu þrjár 75% stöður í þrjá mánuði á ári við yfirsetu yfir sumarið og stöður yfirsetufólks sem situr yfir sýningum um helgar, aðallega á sumrin en einnig yfir vetrarmánuðina.

Safnið á 65 ára afmæli árið 2018. Stefnt er að útgáfu smárita sem byggja á þemasýningu hvers ár í Pakkhúsinu. Með þessu móti er tryggt að sú rannsóknarvinna sem unnin er við sýningagerðina varðveitist og að sú vinna sem þar er fjárfest í verði aðgengileg eftir að sýningarnar hafa verið teknar niður. Gert er ráð fyrir 600 þúsund króna fjárframlagi vegna þess.

Framlag til sýninga og viðburða hækkar um 600 þúsund krónur og verður samtals 1,6 milljónir króna. Byggðasafnið heldur að jafnaði úti níu sýningum í sex húsum ár hvert og þar af eru tvær nýjar sýningar settar upp á ári. Eldri sýningar eru uppfærðar og lagfærðar að nokkru marki ár hvert. Auk þessa stendur safnið fyrir viðburðum af ýmsu tagi, svo sem sögu- og minjagöngum, fyrirlestraröð, jóladagskrá o.s.frv. Þá er safnið einnig þátttakandi í viðburðum eins og Safnanótt, Björtum dögum, Íslenska safnadeiginum o.s.frv.

Helstu verkefni safnsins á miðlunar- og rannsóknarsviði á árinu 2018 verða uppsetning tveggja nýrra sýninga, uppsetning tveggja minjaskilta, fyrirlestraröð og sögu/minjagöngur, auk húsa- og fornleifaskráningar í Vesturbæ. Auk nýrra sýninga á Strandstígunum og í Pakkhúsinu verður unnið að eðlilegu viðhaldi og þróun fastasýninga safnsins í Pakkhúsinu, Siggubæ, Sívertsens-húsinu, Bungalowinu, Góðtemplarahúsinu og Beggubúð. Þá mun safnið taka þátt í ýmsum viðburðum á árinu, svo sem Safnanótt, Íslenska safnadeiginum, Björtum dögum, Jólaþorpinu, jóladagskrá fyrir leikskóla o.s.frv.

Rekstraryfirlit:

Byggðasafn – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	1	1	2
Samtals tekjur	1	1	2
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	32	32	31
Annar rekstrarkostnaður	35	32	33
Samtals gjöld	67	65	64
Rekstrarniðurstaða	(66)	(64)	(62)

Hafnarborg

Gert er ráð fyrir sértekjum að upphæð 8,5 milljónir króna. Er það hækkun um fjórar milljónir króna á milli ára, sem er leigugreiðslur fyrir veitingaaðstöðu. Á safninu eru 3,7 stöðugildi. Ein 60% staða afgreiðslufulltrúa, 50% staða umsjónarmanns fasteigna/tæknimanns og 1,6 stöður safnfulltrúa sem tveir starfsmenn hafa skipt með sér. Auk þess er tímavinnufólk á föstum vöktum í afgreiðslu um helgar og tæknimenn sem vinna við uppsetningu sýninga.

Rekstrarkostnaður fasteigna Hafnarborgar er samkvæmt þessari áætlun 48 milljónir króna, en öll starfsemi Hafnarborgar fer fram í húseigninni Strandgötu 34. Geymslur safnsins eru í kjallara hússins, sýningarsalir og veitingaaðstaða á fyrstu og annarri hæð og skrifstofur auk listamannaíbúðar á annarri hæð og í risi. Stærstu liðir þessa kostnaðar eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv. Kostnaður vegna rafmagns hefur hækkað verulega, sem rekja má til veitingaaðstöðu.

Kostnaður við kaup á búnaði er 400 þúsund krónur. Nauðsynlegt er að huga að endurnýjun tækjabúnaðar til sýninga á stafrænu efni, sérstaklega myndefni, en búnaður safnsins mætir ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til slíks búnaðar.

Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins, hvers konar listrænni starfsemi og miðlunarhlutverki þess, er samkvæmt þessari áætlun 12,5 milljónir króna, eða um 10,3% af rekstrarkostnaði safnsins. Helstu kostnaðarliðir eru sýningargerð og viðburðir. Gert er ráð fyrir uppsetningu níu sýninga á næsta ári með tilheyrandi dagskrá við hverja þeirra, listamanna- og sýningarstjóraspjöllum, málþingum og fleiru. Hafnarborg á tvöfalt afmæli á næsta ári, þá eru liðin 35 ár frá stofnun Hafnarborgar og 30 ár síðan húsið var tekið í notkun. Í tilefni af því verður unnið að afmælissýningu þar sem varpað verður ljósi á safnkost stofnunarinnar og stöðu hennar í samfélaginu. Viðbótarframlag vegna afmælissýningar og gerð veglegrar sýningarskrár er 2,5 milljónir króna.

Hafnarborg hefur eftir fremsta megni reynt að greiða listamönnum fyrir þátttöku í sýningum og öðrum verkefnum sem þeir vinna að fyrir safnið. Þeir hafa stundum fengið greidda þóknun og/eða efniskostnað og þátttöku í viðburðum, allt eftir umfangi sýninga. Listamenn hafa að undanförunu óskað eftir að fá greitt samkvæmt samningi sem SÍM (Samband íslenskra myndlistarmanna) hefur unnið að. Til að Hafnarborg geti greitt eftir þeim samningi þarf að hækka framlög verulega. Samkvæmt útreikningum þyrftu greiðslur til listamanna að hækka í 7,4 milljónir króna til að standa undir kostnaði bæði við greiðslur til listamanna vegna sýninga og aðrar greiðslur. Á næsta ári hækkar þessi liður um 37% og verður samtals 3,7 milljónir króna.

Auk þess stendur Hafnarborg fyrir veglegri tónleikadagskrá á árinu. Næsta haust hefst 16. starfsár hádegistónleika í Hafnarborg. Tónleikarnir eru á dagskrá yfir vetrarmánuðina fyrsta þriðjudag í mánuði og hafa verið ákaflega vel sóttir, einkum af eldri borgurum í Hafnarfirði og nágrenni. Þar er flutt óperutónlist af fremsta listafólki landsins á því sviði. Tvisvar sinnum á ári eru síðan tónleikar undir heitinu Hljóðönn, þar sem framsækinni tónlist eru gerð skil.

Þá er gert ráð fyrir þátttöku í ýmsum viðburðum, svo sem Safnanótt, Björtum dögum, 17. júní, jóladagskrá o.s.frv.

Auk þessa er gert ráð fyrir kostnaði vegna ferðar á alþjóðlega safnaráðstefnu sem tveir starfsmenn auk forstöðumanns munu sækja, 2/3 hlutar kostnaðar verða greiddir með framlagi úr starfsþróunarsjóði BHM. Þá er einnig færður á þessa lykla kostnaður er snýr að faglegu safnastarfi, varðveislu og sýningarbúnaði, viðhald safneigna er aukið um 450 þúsund krónur og verður samtals 600 þúsund krónur. Annar kostnaður við rekstur safnsins er 2,8 milljónir króna og vegur þar þyngst kostnaður við auglýsingar og kostnaður vegna aðildar safnsins að Sarpi.

Rekstraryfirlit:

Hafnarborg – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	9	5	9
Samtals tekjur	9	5	9
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	42	43	38
Annar rekstrarkostnaður	80	65	60
Samtals gjöld	122	108	98
Rekstrarniðurstaða	(113)	(103)	(89)

Mannauður:

Menningarmál	Fjöldi stöðugilda 2018	Fjöldi starfsm. 2018	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsm. 2017	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsm. 2016
Bókasafn	14,5	17	14,3	16	14,3	16
Byggðasafn	3,4	7	3,4	7	3,4	7
Hafnarborg	4,7	9	4,7	9	4,7	9
Samtals	22,5	33	22,4	32	22,4	32

2.8 Brunamál og almannavarnir

Á málaflokkinn er áætlað framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. um 209 milljónir króna og Björgunarsveitar Hafnarfjarðar um 22,5 milljónir króna, en hluti af því er í formi niðurgreiðslu fasteignagjalda. Framlag til Slökkviliðsins hækkar um 6% frá árinu 2017. Fjárfestingarframlag lækkar um átta milljónir króna, eða 7%, en rekstrarframlag hækkar um 5%. Ákveðið hefur verið að kaupa fjórar nýjar slökkvibífiðar, sem verða afhentar á árunum 2018-2019.

Rekstraryfirlit:

Brunamál og almannavarnir – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	232	218	197
Samtals gjöld	232	218	197
Rekstrarniðurstaða	(232)	(218)	(197)

2.9 Hreinlætismál

Hafnarfjarðarkaupstaður er aðili að Sorpu bs. Tilgangur þess er að annast meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélögin. Kubbur ehf. annast sorphirðu frá heimilum í sveitarfélaginu og var verkið boðið út árið 2013 til átta ára. Við heimili er tekið bæði blandað heimilissorp og pappír. Í sveitarfélaginu eru reknar sjö grenndargámastöðvar. Einnig er í sveitarfélaginu endurvinnslustöð Sorpu á Breiðhelli og er þar tekið á móti öllum flokkum úrgangs.

Framlög til hreinlætismála eru vegna heilbrigðiseftirlits og sorps. Gert er ráð fyrir að innheimt sorphirðugjöld standi undir kostnaði við sorphreinsun, flokkun og eyðingu. Áætlað er að tekjur vegna heilbrigðisgjalds hækki um 4,1 milljón króna og að framlag til Heilbrigðiseftirlits hækki um tvær milljónir króna, eða í 41 milljón króna.

Framlag til Sorpu hækkar um 11,5 milljónir króna, eða um 8%, og sorphirða heimilissorps og eyðing um 13 milljónir króna, eða um 7,8%.

Í byrjun árs 2018 er stefnt að því að hefja flokkun á plasti frá heimilum og stofnunum. Stefnt er að því að flokkunin fari þannig fram að plast verði flokkað í sér poka sem fara síðan í orkutunnuna. Plast verði síðan flokkað frá með sérstökum búnaði hjá Sorpu og sent í endurvinnslu.

Rekstraryfirlit:

Hreinlætismál – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	400	370	329
Samtals tekjur	400	370	329
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	415	387	379
Samtals gjöld	415	387	379
Rekstrarniðurstaða	(15)	(17)	(50)

2.10 Skipulags- og byggingarmál

Tekjur lækka í skipulags- og byggingarmálum um 12 milljónir króna og skýrist það meðal annars af fækkun á gámum á atvinnusvæðum. Annað í rekstri deildarinnar er óbreytt.

Fjárheimildir til fjárfestinga skipulags- og byggingarmála hækka um 4,5 milljónir króna og verða 60 milljónir króna á næsta ári. Aðalskipulag Hafnarfjarðar verður tekið til endurskoðunar og breytingar gerðar til samræmis við tillögur um þéttingu byggðar, bættar almenningssamgöngur, endurskoðun á bílastæðareglum, breytta landnotkun og enduruppbyggingu á eldri iðnaðar- og athafnasvæðum.

Haldið verður áfram með og lokið skipulagsvinnu við Skarðshlíð, 3. áfanga. Gert er ráð fyrir að halda áfram með deiliskipulagsvinnu vegna Hamraness sem hófst á árinu. Þar verður gert ráð fyrir blandaðri íbúðarbyggð og þjónustustarfsemi. Deiliskipulagsvinnu vegna Ásvallaþrautar og Kaldárselsveggar er lokið og opnast því möguleikar á áframhaldandi vinnu við og þróun byggðar við Hamranes og í Vatnshlíð. Stefnt er að því að úthluta lóðum við Hamranes í árslok 2018 eða áramótin 2018/2019. Með tilkomu mislægra gatnamóta við Krýsuvíkurveg og Reykjanesbraut verður farið í að vinna áfram að deiliskipulagi iðnarsvæðis við Kapelluhraun. Skortur er á góðum iðnaðar- og athafnalóðum á höfuðborgarsvæðinu sem eru í góðum tengslum við umferðaræðar og hafnarsvæði. Endurskoðun á deiliskipulagi Selhrauns suður og Selhrauns norður verður lokið á árinu, og verða meðal annars til við það tvær nýjar athafnalóðir. Deiliskipulag athafnasvæðis við Tjarnarvelli verður skoðað með tilliti til þess að auka við þjónustu og þróun byggðar, samanber skýrslu þéttingarhóps.

Farið verður í endurskoðun á deiliskipulagi á Hvaleyrarholti, bæði vegna iðnaðarsvæðis og íbúðarbyggðar með tilliti til þéttingarskýrslunnar.

Ákveðið er jafnframt að halda áfram með skipulagssamkeppni Flensborgahafnar sem frestað var á síðasta ári, en kostnaður vegna samkeppninnar er greiddur af Hafnarfjarðarhöfn. Þá hefur skipulags- og byggingarráð samþykkt að fara í samkeppni um miðbæjarskipulag Hafnarfjarðar. Markmiðið er meðal annars að tengja þessi tvö svæði betur saman bæði frá umferðartæknilegu sem og atvinnu- og þjónustulegu sjónarmiði. Þá þarf að taka á umferðar- og bílastæðamálum miðbæjarins og jafnframt auka öryggi hjólandi sem og gangandi vegfarenda.

Hafin er vinna við deiliskipulag Vesturbæjar, þar sem nálgunin verður út frá sjónarmiðum verndarsvæða í byggð. Þeirri vinnu mun vonandi ljúka fyrir árslok 2018. Markmið þeirrar vinnu er að styrkja og tryggja að eldri byggð Hafnarfjarðar haldi sérkennum sínum og auki á hróður Hafnarfjarðar sem bæjarins í hrauninu.

Aðalskipulagsbreytingum ásamt nýju deiliskipulagi fyrir einstaka reiti sem meðal annars er getið í skýrslu þéttingarhóps verður lokið á fyrri hluta árs. Íbúðarreitur við Hjallaþraut, Hrauntungu og Suðurgötu er dæmi um slíkar skipulagsbreytingar og má vænta að þar rísi byggð sem fellur vel að þeirri byggð sem fyrir er og tekur jafnframt mið af stærð og efnisnotkun hennar. Deiliskipulagi Lækjargötu 2/Dvergsreit verður lokið á fyrri hluta árs og framkvæmdir hefjast vonandi næsta sumar. Ánægja kom fram hjá bæjarbúum og fagfólki hvað varðar þau vinnubrögð sem höfð voru við val á tillögu. Vinna við aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulag vegna athafnasvæðis við Hraun – vestur er hafin eftir val á tillögum til áframhaldandi vinnslu. Gert er ráð fyrir verulegri breytingu á þessu svæði á næstu árum. Talsvert verður lagt í aukið byggingarmagn, bættar umferðartengingar og almenningssamgöngur. Gert er ráð fyrir að fyrstu hlutar svæðisins geti komið í framkvæmd í lok árs 2018.

Mikil ásókn hefur verið í breytingar og endurnýtingu svæðis sem hér er nefnt Hraun – austur og byggðin hér hefur verið að þróast með sambærilegum hætti og á svæðinu Hraun – vestur. Ekkert eiginlegt deiliskipulag liggur fyrir og því er hafin vinna við rammaskipulag á svæðinu sem stefnt er á að ljúka á árinu 2018. Með því fást leiðbeiningar um mögulegar endurbætur og heildarsýn fæst á þróun byggðar. Gera má ráð fyrir að auk þessa verkefna sem hér eru nefnd falli til nokkuð af smærri deiliskipulagsverkefnum sem kalla á eins skjóta lausn og regluverk heimilar.

Rekstraryfirlit:

Skípuags- og byggingarmál – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	56	68	65
Samtals tekjur	56	68	65
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	103	91	86
Annar rekstrarkostnaður	54	53	51
Samtals gjöld	157	144	137
Rekstrarniðurstaða	(101)	(76)	(72)

2.11 Umferðar- og samgöngumál

Framlag til umferðar- og samgöngumála hækkar um 68 milljónir króna á milli ára. Innri leiga gatnakerfisins hækkar um tæpar 27 milljónir króna og framlag til almenningssamgangna, það er Strætó, um tæpa 41 milljón króna, eða 8%. Hækkunina má skýra að einhverju leyti með lengingu á akstri Strætó um kvöld og helgar samkvæmt ákvörðun stjórnar Strætó og bæjarstjórnar.

Rekstraryfirlit:

Umferðar- og samgöngumál – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	914	846	785
Samtals gjöld	914	846	785
Rekstrarniðurstaða	(914)	(846)	(785)

2.12 Umhverfismál

Reiknuð hlutdeild umhverfismála í rekstri er vegna opinna svæða og hækkar um þrjár milljónir króna vegna aukins viðhalds og endurbóta á opnum leikvöllum.

Rekstraryfirlit:

Umvhverfismál – m.kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	140	137	131
Samtals gjöld	140	137	131
Rekstrarniðurstaða	(140)	(137)	(131)

2.13 Sameiginlegur kostnaður

Á árinu 2017 var hýsing grunnkerfa tölvudeildar boðin út og í framhaldi samið við Advania um hýsingu og rekstur netþjóna. Kostnaður vegna hýsingar er áætlaður um 12 milljónir á árinu 2018, sem kemur fram í þjónustugjöldum og aukinni sérfræðiþjónustu. Endurnýjun tölvubúnaðar heldur áfram og er nú svo komið að á árinu 2018 mun það markmið nást að tölvur í notkun verði almennt ekki eldri en fimm ára. Veruleg aukning hefur orðið á spjaldtölvum í grunnskólum og verður svo áfram á árinu 2018. Á árinu 2017 verða allir nemendur unglingastígs grunnskólans komnir með spjaldtölvur, þ.e. í 8., 9. og 10. bekk. Síðan er gert ráð fyrir að allir nemendur á miðstigi, þ.e. nemendur í 5., 6. og 7. bekk, verði einnig komnir með spjaldtölvur á árinu 2018.

Símakerfi bæjarins verður endurnýjað og uppfært í IP-kerfi. Einnig verður haldið áfram með endurnýjun netkerfisins, sem er nauðsynlegt vegna mikillar aukningar á umferð um netið samfara aukningu snjalltækja og uppfærslu símakerfisins. Í áætlun 2018 er gert ráð fyrir að kostnaður vegna þessa nemi 18 milljónum króna.

Á árinu er áætlað að uppfæra stór hugbúnaðarkerfi. Stærst er þar uppfærsla á Navision-viðskiptahugbúnaði og er reiknað með að kostnaður við þá uppfærslu nemi 19 milljónum króna.

Gert er ráð fyrir að endurnýjun verði sem hér segir:

Tölvukaup	2014	2015	2016	2017 *	2018*	Alls
Grunnskólar						
Borðtölvur	47	256	210	103	33	649
Fartölvur	28	121	89	100	48	386
Spjaldtölvur	15	522	397	1.056	1.100	3.090
Leikskólar						
Borðtölvur	5	12	45	17	7	86
Fartölvur	16	22	15	15	12	80
Spjaldtölvur	100		73	50	50	273
Aðrar stofnanir						
Borðtölvur	34	22	40	30	13	139
Fartölvur	21	26	16	31	14	108
Spjaldtölvur	5					5
Samtals						
Borðtölvur	86	290	295	150	53	874
Fartölvur	65	169	120	146	74	574
Spjaldtölvur	120	522	470	1.106	1.150	3.368

* Skipting milli borð- og fartölva ekki endanlega ákveðin

Kostnaður vegna mannauðsmála er nánast óbreyttur milli ára. Stjórnendum Hafnarfjarðarkaupstaðar verður boðið upp á stjórnendabjálfun og vinnustaðagreining verður lögð fyrir alla starfsmenn bæjarins. Kostnaður vegna starfsaldursviðurkenninga og jólagjafa er 20 milljónir króna, vegna líkamsræktarstyrkja 14 milljónir króna og vegna flensuspauptu 1,4 milljónir króna. Boðið verður upp á starfslokanámskeið fyrir þá sem láta af störfum vegna aldurs og er áætlaður kostnaður 600 þúsund krónur.

Workplace by Facebook tekur að hluta yfir núverandi innri vef. Markmiðið er að auka upplýsingaflæði og miðlun þekkingar, styrkja ímynd bæjarins sem eins vinnustaðar og stuðla að skilvirkari vinnubrögðum og meiri samvinnu milli starfsmanna og deilda.

Í fjárhagsáætlun 2017 var samþykkt að ráða gæðastjóra og tók hann til starfa í byrjun þessa árs. Gert er ráð fyrir þriggja milljóna króna framlagi til uppbyggingar á gæðastjórnunarkerfi á árinu 2018.

Kostnaður vegna upplýsingamála eykst um sjö milljónir króna, þar af um fimm milljónir króna vegna aðgerðaáætlunar um mótun upplýsingastefnu, og verður samtals um 35 milljónir króna.

Rekstraryfirlit:

Stjórnsýslu- og fjármálasvið – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	70	71	94
Samtals tekjur	70	71	94
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	626	506	536
Lífeyrisskuldbinding	1.027	952	1.652
Annar rekstrarkostnaður	638	607	533
Samtals gjöld	2.288	2.065	2.721
Rekstrarniðurstaða	(2.221)	(1.994)	(2.627)

Mannauður:

Stjórnsýslu- og fjármálasvið	Fjöldi stöðugilda 2018	Fjöldi starfsm. 2018	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsm. 2017	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsm. 2016
Bæjarskrifstofa	28,5	29,25	29,25	30	28,25	29
Tölvudeild	5,3	6	5,3	6	5,3	6
Þjónustuver	6,9	7	6,9	7	6,9	7
Samtals	40,7	42,25	41,45	43	40,45	42

2.14 Eignasjóður

Fráveita, Vatnsveita og Húsnæðisskrifstofa leggja til fé vegna umsýslu sinna eininga inn í A-hluta. Fráveita og Vatnsveita greiða 79,5 milljón krónur hvor eining og Húsnæðisskrifstofa 21,2 milljónir króna.

Launaáætlun er byggð á nýjum kjarasamningum og starfsmati. Heildarlaunakostnaður er 329 milljónir króna og lækkar um 23 milljónir króna milli ára vegna tilfærslu húsumsjónarmanna yfir til fræðslu- og frístundarþjónustu.

Alls færðust sex stöðugildi frá umhverfis- og skipulagsþjónustu yfir til fræðslu- og frístundarþjónustu.

Rafmagn í sveitarfélaginu var boðið út 2016 og var útboðið bænum tiltölulega hagstætt. Hækkun á rafmagni og hita sem tengist verðlagsþróun og endurskoðun er um 11,7 milljónir króna, eða um 14%. Að hluta til skýrist hækkunin á vanáætlun fyrir árið 2017 og einnig vegna fjölgunar á eignum.

Á næsta ári verður hafið að nýju að veita styrki til íbúa vegna glerskipta vegna umferðarhávaða frá umferðarmiklum vegum í sveitarfélaginu. Til verkefnisins eru áætlaðar þrjár milljónir króna. Framkvæmdin er þannig að íbúar sækja um styrk. Styrkumsóknir eru síðan metnar samkvæmt reglum sem bæjarstjórn samþykkir.

Hirðun á hrossataði frá hesthúsum í Hlíðarþúfum var boðin út seinni hluta 2017 og er hún nú áætluð um 7,5 milljón krónur. Hefur hún hækkað um eina milljón króna milli ára og er það vegna aukins umfangs á svæðinu. Hestamenn greiða fyrir þessa þjónustu bæjarins.

Á undanföllum árum hefur jafnt og þétt verið aukið við viðhaldsfé til fasteigna og lóða bæjarins, en þessi liður var mikið skorinn niður eftir hrun. Heildarviðhaldsfé fyrir fasteignir og lóðir er aukið verulega á árinu 2018, eða í 438,8 milljónir króna, og er aðkeypt vinna hækkuð um 200 milljónir króna milli ára. Upphæðin í viðhald eigna og lóða var 238,8 milljónir króna fyrir árið 2017. Á árinu 2017 var unnin ítarleg skýrsla vegna viðhalds eigna á sviðinu og mun hún nýtast við gerð viðhaldsáætlana fyrir hverja stofnun fyrir sig. Stefnt er að því að undirbúningsvinna við útboð á viðhaldi eigna bæjarins hefjist strax í desember 2017, eftir að fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt. Útboð fari síðan fram í janúar og febrúar 2018. Unnin verður nákvæm tímasett áætlun um hvenær viðhald fer fram í einstökum stofnunum bæjarins og munu forstöðumenn stofnana fá í byrjun árs tímasetta áætlun um framkvæmd viðhalds í viðkomandi stofnunum.

Viðhald skiptist sem hér segir:

Áætlað fjármagn 2018	% skipting	upphæð í kr.
Skólar	38,3%	168.000.000
Leikskólar	15,3%	67.200.000
Sundlaugar/Íþróttahús	24,0%	105.000.000
Annað húsnæði	16,3%	71.400.000
Ófyrirséð	6,1%	27.200.000
Samtals	100%	438.800.000

Snjómokstur og hálkuvarnir eru unnar að mestu með tækjum og mönnum sveitarfélagsins en einnig eru tæki verktaka tiltæk þegar mest snjóar. Árið 2017 var settur í verktöku hluti snjóruðnings og hálkuvarna á stígum og var sérstaklega aukið við fjármagn vegna þess. Kostnaður vegna snjómoksturs og hálkuvarna gatna og stíga er áætlaður um 70 milljónir króna árið 2018, sem er aukning um fjórar milljónir króna milli ára. Hækkunin skýrist út frá lengingu á kvöld- og helgarakstri hjá Strætó bs frá áramótum. Raunkostnaður hefur verið á bilinu 28-50 milljónir króna síðustu ár.

Viðhald gatna og gönguleiða er boðið út að mestu, sem og merkingar gatna. Fyrir árið 2018 eru áætlaðar um 162,6 milljónir króna í þessa liði, sem er aukning um fimm milljónir króna milli ára, eða 3%. Þessi liður var hækkaður um 16 milljónir frá 2016 til 2017.

Enn er nokkur uppsöfnuð viðhaldsþörf í gatnakerfi bæjarins en mikið hefur þó áunnist síðustu ár. Haldið verður áfram með fyrirbyggjandi viðhaldsverkefni.

Hækkun er í aðkeyptri vinnu vegna viðhalds á malbiki. Heildarviðhaldsfé er 106,4 milljónir króna og hækkar um tvær milljónir króna milli ára, eða um 14,2%. Þessi liður var hækkaður um 13 milljónir króna frá 2016 til 2017.

Hækkun er í aðkeyptri vinnu vegna viðhalds á gönguleiðum. Heildarviðhaldsfé er 8,4 milljónir króna og hækkar um tvær milljónir króna milli ára, eða um 31%.

Hækkun er í aðkeyptri vinnu við yfirborðsmerkingar gatna. Heildarkostnaður í aðkeyptri vinnu er 17 milljónir króna og hefur hækkað um eina milljón króna milli ára, eða um 6,2%. Ekki hefur náðst að klára allar yfirborðsmerkingar á götum síðustu ár.

Hækkun er í aðkeyptri vinnu við sópun og hreinsun gatna og stíga. Heildarkostnaður í aðkeyptri vinnu er 22,5 milljónir króna og hækkar um 6,5 milljónir króna milli ára, eða um 28,9% sem eykur þjónustustig gatna og stíga. Þessi liður var hækkaður um tvær milljónir frá 2016 til 2017.

Viðhald snjóbræðslukerfa er hækkað um 6,5 milljónir króna vegna viðhalds kerfanna sem og stækkunar á þeim. Snjóbræðslukerfi er verið að taka í notkun í Skarðshlíð.

Haldið verður áfram að fjölga biðskýlum í bænum í samræmi við fjölda innstiga á hverri biðstöð fyrir sig. Þar sem flest innstig eru koma ný biðskýli.

Fyrir árið 2018 eru áætlaðar um 117,6 milljónir króna til viðhalds og reksturs á opnum svæðum, sem er aukning um 2,5 milljónir króna, eða um 2,1%. Enn verður aukið í átak varðandi snyrtingu bæjarins og þá sérstaklega miðbæjarins. Þessi liður var hækkaður um 40 milljónir króna frá 2016 til 2017. Aukin áhersla verður sett í hreinsun miðbæjarins, verkferlar verða gerðir skýrari og ábyrgð skilgreind.

Lögð verður áhersla á að halda miðbænum snyrtilegum auk annarra hverfa í Hafnarfjarðarkaupstað. Starfsmaður verði gerður ábyrgur fyrir því að framfylgja snyrtingu og umhirðu miðbæjarins. Með honum starfi hópur á vegum vinnuskólans.

Vorið 2017 var keypt suga til að hreinsa miðbæinn. Lögð er áhersla á að hún verði notuð mun meira næsta sumar en síðastliðið sumar. Miðbærinn verði sópaður reglulega og sugan notuð til að hreinsa upp óhreini meðfram öllum húsum og kantsteinum ásamt því að steinhellum á Thorsplani verði haldið sandfríum ásamt öðrum stöðum í miðbænum, þar með töldum steinhellum við byggðasafnið. Tryggt verði að umhverfi byggðasafnsins verði ávallt snyrtilegt, þar með talinn grasgarður o.s.frv.

Suga til hreinsunar á miðbæ:



Lögð verði áhersla á að tjarnir í miðbænum verði hreinsaðar reglulega, eða a.m.k. annan hvern dag. Um er að ræða tjörn við Thorsplan og Byggðasafnið. Séð verði til þess að vatnsrennsli við tjarnirnar og Ráðhúsið verði alltaf í lagi. Lækurinn verði hreinsaður reglulega og rist í Læknum við Strandgötu verði hreinsuð annan hvern dag. Tryggt verði að bæði tjarnirnar og lækurinn séu hreinsuð á föstudögum.

Tjörninni við Tónlistarskólann og Hafnarfjarðarkirkju verði haldið snyrtilegri.

Lögð er áhersla á að beð í miðbænum verði hirt reglulega þannig að þau séu alltaf snyrtileg. Miðbæjarstjóri hafi yfirumsjón með því að unnið verði samkvæmt framangreindri lýsingu.

Losun sorpdalla í öllum bænum verði tekin til endurskoðunar þannig að tryggt verði að þeir séu losaðir áður en þeir verði yfirfullir. Sorpdallar í miðbænum verði alltaf losaðir á föstudögum þannig að tryggt verði að þeir séu ekki yfirfullir yfir helgar.

Í fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir fjármagni til endurnýjunar og fjölgunar á rusladöllum.

Haldið verður áfram við uppbyggingu og lagfæringar í Hellisgerði og á Víðistaðatúni, en undanfarin ár hefur verið unnið við ýmis verkefni á þessum stöðum. Stofnaður var starfshópur vegna Hellisgerðis, en stefnt er á að á 100 ára afmæli Hellisgerðis árið 2023 verði búið að koma þessum almenningsgarði í gott stand. Umhverfissvæðin verður áfram auglýst 2018, en hún hefur hjálpað mjög til við að hreinsa opin svæði í bænum. Jafnframt vinnur Þjónustumiðstöð að hreinsunarmálum. Haldið verður áfram með viðhald á leiksvæðum og opnum svæðum, en reglulega eru gerðar úttektir á svæðunum og verkefnum síðan raðað í forgangs röð eftir mikilvægi.

Unnið hefur verið við frágang í Seltúni í Krýsuvík undanfarin ár og verður þeirri vinnu haldið áfram næsta sumar. Einnig verður haldið áfram með vinnu vegna Leiðarenda, með það að markmiði að gera hellinn aðgengilegri fyrir þá sem vilja skoða hann.

Sláttur á opnum svæðum verður boðinn út að hluta eins og áður. Með þessu á bæjarvinnan auðveldara með að sinna slætti á öðrum svæðum, en nokkuð hefur bæst við af svæðum samhliða frágangi í nýjum hverfum.

Beðahreinsun verður aftur boðin út og á að fjölga þeim skiptum sem hreinsa á beðin um sumarið, en með því ætti vinnuskólinn að eiga auðveldara með að viðhalda beðunum á öðrum stöðum meðan hann starfar. Heildar aðkeypt vinna þar er 11 milljónir króna og hækkar um eina milljón króna milli ára, eða um 9%.

Haldið verður áfram að halda við leiksvæðum og er sá liður hækkaður um 1,5 milljónir króna og verður heildarupphæð viðhalds leiksvæða 11 milljónir króna.

Endurnýjun á leiksvæði við Mávahraun



Hækkun er vegna jólalýsingar og er sá liður hækkaður um eina milljón króna, eða í 2,8 milljónir króna.

Umhverfis- og auðlindastefna bæjarins er í endurskoðun og fer í samþykktarferli á næstu vikum, en þar er önnur nálgun á þessum málaflokki frá fyrri stefnu.

Eftirfarandi tafla sýnir viðhald hjá eignasjóði frá árinu 2010:

Þúsundir kr.	Raunk. 2010	Raunk. 2011	Raunk. 2012	Raunk. 2013	Raunk. 2014	Raunk. 2015	Raunk. 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Viðhald húsnæðis og búnaðar	84.035	50.634	83.667	228.472	239.886	221.000	226.315	235.885	438.785
Viðhald gatnasvæða	33.848	42.996	43.678	111.764	142.159	134.550	141.550	157.236	162.636
Viðhald opinna svæða	44.047	38.675	40.591	39.068	65.559	76.417	76.385	115.109	117.589

Rekstraryfirlit:

Eignasjóður – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	3.591	3.474	2.928
Samtals tekjur	3.591	3.474	2.928
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	329	352	378
Annar rekstrarkostnaður	1.665	1.383	1.222
Afskriftir	687	659	603
Fjármagnsliðir	1.310	1.607	1.024
Samtals gjöld	3.991	3.999	3.226
Rekstrarniðurstaða	(400)	(527)	(298)

2.15 Vatnsveita

Tekjur Vatnsveitu hækka um 5% með vísitöluhækkun á vatnsgjaldi en umframhækkunin er vegna nýrra eigna. Rekstur Vatnsveitu verður óbreyttur frá fyrra ári. Vatnsveita greiðir hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu, 79,5 milljónir króna. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar umsýslu miðlægt fyrir Vatnsveitu, meðal annars vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennri stjórnsýslu og stjórnun. Haldið verður áfram að vinna að sameiginlegum málum vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu.

Rekstraryfirlit:

Vatnsveita – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	404	384	380
Samtals tekjur	404	384	380
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	51	53	48
Annar rekstrarkostnaður	139	136	115
Afskriftir	57	55	54
Samtals gjöld	247	244	218
Rekstrarniðurstaða	157	140	163

2.16 Fráveita

Tekjur Fráveitu munu hækka um 5% með vísitöluhækkun á fráveitugjaldi, en umframhækkunin er vegna nýrra eigna. Rekstur Fráveitu verður óbreyttur frá fyrra ári. Fráveita greiðir hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu, 79,5 milljónir króna. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar miðlægrar umsýslu fyrir Fráveitu, meðal annars vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennri stjórnsýslu og stjórnun.

Aðkeypt holræsaheinsun er hækkuð um 15 milljónir króna vegna hreinsunar á útrásinni í Hraunavík 2018.

Rekstraryfirlit:

Fráveita – m.kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	792	753	721
Samtals tekjur	792	753	721
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	34	36	37
Annar rekstrarkostnaður	182	166	165
Afskriftir	93	93	91
Fjármagnsliðir	168	212	174
Samtals gjöld	477	507	
Rekstrarniðurstaða	315	246	281

2.17 Húsnæðisskrifstofa

Hafnarfjarðarkaupstaður á 238 íbúðir sem reknar eru af Húsnæðisskrifstofu og 14 íbúðir sem leigðar eru til endurleigu, þar af eru þrjár íbúðir frá íbúðalánasjóði, sem komu inn á síðustu mánuðum.

Á árinu 2016 voru keyptar þrjár íbúðir og búið er að kaupa fimm íbúðir á þessu ári. Þá er ætlunin að kaupa tvær íbúðir til viðbótar á árinu 2017, eða samtals sjö íbúðir á árinu 2017.

Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúða er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda og þess vegna er gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 500 milljónir króna á ári til fjárfestingar í kerfinu á árunum 2018 til 2021. Stefnt er að því að kaupa 16 íbúðir á ári miðað við að meðalverð íbúðar sé nálægt 30 milljónum króna. Lögð hefur verið áhersla á að kaupa 2-3 herbergja íbúðir, en biðlistar eru eftir þeim íbúðum.

Leiguverð íbúða Hafnarfjarðarkaupstaðar er í dag 1.124 kr./m² og er það bundið vísitölu, hækkunin er um 2,7% á milli ára en leiguverð breytist á milli mánaða ef vísitalan breytist. Vegna þeirra íbúða sem eru í framleiðu greiðir Hafnarfjarðarkaupstaður 2.075 kr./m² og er það einnig bundið vísitölu og hefur hækkað um 2,7% milli ára.

Rekstrarkostnaður þessara íbúða felst helst í almennu viðhaldi, svo sem málun og viðhaldi á innréttingum og gólfefni. Jafnframt er tekið þátt í viðhaldi sameigna og utanhússviðhaldi. Þegar íbúðir skipta um leigjendur eru þær teknar út og farið í allsherjar viðhald. Nokkur aukning hefur verið á þessum liðum vegna meiri veltu á íbúðum. Þá eru húsfélög að taka við sér og er vöxtur vegna viðhalds á sameignum frá því sem verið hefur undanfarin ár. Heildarviðhaldsfé er um 75 milljónir króna og hækkar um 22,5 milljónir króna milli ára, eða um 43%.

Kostnaður við viðhald íbúða Húsnæðisskrifstofu:

Þúsundir kr.	Raunk. 2010	Raunk. 2011	Raunk. 2012	Raunk. 2013	Raunk. 2014	Raunk. 2015	Raunk. 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Viðhald íbúða í Húsnæðisskrifstofu	61.218	43.917	41.293	41.965	48.316	62.938	51.682	52.600	75.100

Tekjur Húsnæðisskrifstofu hækka vegna vísitöluhækkunar. Þá hækka fasteignagjöld um 29%, sem skýra má með fjölgun íbúða og vísitöluhækkun. Húsnæðisskrifstofa greiðir hlutdeild af kostnaði til umhverfis- og skipulagsþjónustu og fjölskylduþjónustu, alls 21,2 milljónir króna. Verið er að færa raunkostnað vegna starfsmanna fjölskylduþjónustu og umhverfis- og skipulagsþjónustu á málaflokkinn.

Rekstraryfirlit:

Húsnæðisskrifstofa – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	324	316	294
Samtals tekjur	324	316	294
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	206	168	161
Afskriftir	50	44	43
Fjármagnsliðir	145	150	103
Samtals gjöld	401	362	264
Rekstrarniðurstaða	(77)	(46)	(13)

Mannauður:

Umhverfis- og skipulagsþjónusta	Stöðugildi 2018	Starfsmenn 2018	Stöðugildi 2016	Starfsmenn 2016	Stöðugildi 2016	Starfsmenn 2016
Skipulags- og byggingarmál	6,5	6,5	6,5	6,5	6,5	6,5
Framkvæmdamál	13	13	19	19,5	19	19,5
Þjónustumiðstöð	16	16	16	16	16	16
Vatnsveita	4	4	4	4	4	4
Fráveita	4	4	4	4	4	4
Samtals	43,5	44	49,5	50	49,5	50

Fækkun um sex stöðugildi er vegna færslu umsjónarmanna eigna yfir á fræðslu- og frístundaþjónustu.

2.18 Hafnarfjarðarhöfn

Vaxandi skipaumferð hefur verið um Hafnarfjarðarhöfn á síðustu árum og tekjur hafnarinnar aukist að sama skapi. Heildartekjur hafnarsjóðs verða ríflega 600 milljónir króna á árinu 2017 og áætlað er að þær verði um 624 milljónir króna á árinu 2018. Á síðustu þremur árum, eða frá 2014, hafa tekjur hafnarinnar aukist um hátt í 200 milljónir króna, eða um 50%. Á sama tíma hefur tekist að halda rekstrarkostnaði að mestu óbreyttum. Tekjuaukningin hefur orðið bæði í aflagjöldum og vörugjöldum og einnig í almennum þjónustutekjum með aukinni umferð skipa, einkum úthafstogara og flutningaskipa í Hafnarfjarðarhöfn.

Tilkoma nýrrar frystigeymslu við Suðurbakka hefur haft greinileg áhrif á þessa þróun, auk þess sem umtalsverð aukning hefur verið í almennum vöruflutningum, bæði í Hafnarfjarðarhöfn og í gegnum höfnina í Straumsvík. Þá hefur komu skemmtiferðaskipa fjölgað töluvert síðustu tvö árin. Bætt afkoma og aukin framlegð hafnarinnar hefur gefið færi á að greiða hraðar niður en ella eldri framkvæmdalán hafnarinnar, sem verða uppgreidd að fullu á næstu tveimur árum.

Á árinu 2017 var úthlutað tveimur lóðum á nýja hafnarsvæðinu; stækkun á lóðinni Óseyrarbraut 22 til Eimskips og Óseyrarbraut 27 til Köfunarþjónustunnar. Stefnt er að því að úthluta þeim þremur lausu lóðum sem höfnin hefur til umráða á nýja hafnarsvæðinu á næstu 2-3 árum. Nýframkvæmdir eru að hefjast á lóð Trefja við Óseyrarbraut 29 og einnig við Fornubúðir 5, þar sem höfuðstöðvar Hafrannsóknastofnunar munu rísa.

Fram undan er mikið framkvæmdaár hjá Hafnarfjarðarhöfn. Byggður verður 120 m hafnarbakki milli Suðurbakka og Óseyrarbryggju. Stefnt er að því að framkvæmdum verði lokið í sumarbyrjun 2018 og framkvæmdin verði að öllu leyti fjármögnuð fyrir eigið fé hafnarinnar. Hinn ný Háibakki verður einkum nýttur sem viðlegukantur fyrir skip Hafrannsóknastofnunar, en stofnunin mun flytja starfsemi sína í nýtt hús sem mun rísa beint upp af bakkanum.

Þá verður útbúin aðstaða við Suðurbakkann til að koma fyrir 60 tonna skipalyftu sem fyrirtækið Trefjar hefur keypt og mun annast rekstur á. Sú aðstaða mun bæta mjög þjónustu við skipaflotann. Jafnað verður út fyllingarsvæði vestan við Suðurgarðinn og olíukerfið og útbúið þar geymslu- og fráleggssvæði fyrir höfnina og þá rekstraraðila sem óska eftir að nýta það svæði tímabundið. Farið verður í viðhaldsverkefni og malbikun á Suðurbakka og yfirfarinn allur eftirlits- og öryggisbúnaður á hafnarsvæðinu.

Á framkvæmdaáætlun ársins 2018 verður einnig lögð sérstök áhersla á að bæta umhverfi á hafnarsvæðinu með lagfæringum og snyrtingu á opnum svæðum og við götur. Einnig verður haldið áfram að snyrta og fegra umhverfi á opna hafnarsvæðinu við Flensborgarhöfn.

Samþykkt hafnarstjórnar um samkeppni um framtíðarskipulag og uppbyggingu Flensborgarhafnar verður fylgt eftir og stefnt að því að tillögur og niðurstaða liggi fyrir á vordögum 2018. Í þeirri vinnu verður meðal annars lögð áhersla á að styrkja enn frekar tengingu hafnarsvæðisins við miðbæinn og efla þjónustu, mannlíf og menningu á opna hafnarsvæðinu. Jafnframt verður skoðað hvernig bæta megi aðkomu og móttöku fyrir ferðamenn, en komum skemmtiferðaskipa hefur fjölgað umtalsvert á síðustu árum og mun sú þróun væntanlega halda áfram á næstu árum.

Rekstraryfirlit:

Hafnarfjarðarhöfn – m. kr.	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Tekjur:			
Þjónustugjöld	622	585	576
Samtals tekjur	622	585	576
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	174	154	194
Lífeyrisskuldbinding	21	18	17
Annar rekstrarkostnaður	149	144	141
Afskriftir	65	64	63
Fjármagnsliðir	22	52	40
Samtals gjöld	432	432	455
Rekstrarniðurstaða	191	153	121

Mannauður:

Hafnarfjarðarhöfn Stöðugildi	Fjöldi stöðugilda 2018	Fjöldi starfsmanna 2018	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsmanna 2017	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsmanna 2016
Hafnarfjarðarhöfn	11	11	11	11	12	12

Fjöldi stöðugilda verður óbreyttur á árinu 2018, eða 11 starfsmenn, en stöðugildum var fækkað um eitt á árinu 2017. Aukinni umferð hefur verið mætt með breytingum á starfsskipulagi og aðgangi að tímavinnuönnum á útkallsvakt þegar þörf er á mestum mannafla.

Framkvæmdaáætlun 2018

Fjárheimild til framkvæmda árið 2018 er samtals 5.020,5 milljónir króna. Þar af eru 1.749,5 milljónir króna sem ætlað er að fjármagna með veltufé frá rekstri.

Auk þess er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við nýjan grunn- og leikskóla í Skarðshlíð sem hófust á árinu 2017. Stefnt er að því að lokið verði við fyrsti áfanga skólans um mitt ár 2018, þannig að nýr skóli geti hafið starfsemi þar haustið 2018. Gert er ráð fyrir framkvæmdum á árinu 2018 vegna þessa fyrir um 1.800 milljónir króna, sem fjármagnaðar verða með andvirði af sölu lóða í Skarðshlíð. Gert er ráð fyrir að andvirði af sölu lóða í Skarðshlíð standi alfarið undir kostnaði við byggingu skólans.

Jafnframt verður haldið áfram með framkvæmdir fyrir allt að 971 milljón króna við byggingu hjúkrunarheimilis við Sólvang, en nýr samningur við heilbrigðisráðherra var undirritaður í október 2016 um leigu á húsnæðinu. Byggingin er samkvæmt svokallaðri leiguleið, sem felur í sér að Hafnarfjarðarkaupstaður hannar, byggir og fjármagnar bygginguna og leigir síðan til ríkisins til 40 ára samkvæmt samningi. Gert er ráð fyrir að þessi framkvæmd verði fjármögnuð með nýju láni þar sem hluti lántökunnar fari fram á árinu 2018, eða 400 milljónir króna, og það sem upp á vantar árið 2019. Ekki hafa verið tekin lán á árinu 2017 vegna þessa.

Haldið verður áfram með endurskoðun á gatnakerfi Skarðshlíðar út frá breyttu skipulagi. Gert er ráð fyrir að andvirði af sölu lóða í Skarðshlíð standi alfarið undir kostnaði við gatnagerðina.

Gert er ráð fyrir að verja 10 milljónum króna vegna Borgarlínu. Jafnframt er gert ráð fyrir að söluandvirði af lóðum í næsta nágrenni við legu Borgarlínu verði varið í framkvæmdir í takti við áætlun um uppbyggingu Borgarlínu.

Framkvæmdir samkvæmt fjárhagsáætlun 2018 og 2019-2021 skiptast sem hér segir:

Umhverfi og götur	2018		Þriggja ára áætlun		
	Upphæð í m. kr. Fjármagnað með veltufé frá rekstri	Upphæð í m. kr. Fjárm. með lóðasölu/ lántöku	2019	2020	2021
Hafist verður handa við framkvæmdir á fyrsta áfanga á gatnatengingu milli Áslands og Valla yfir Ásfjalli. Í fyrsta áfanganum verður Kaldárselsvegurinn endurgerður. Framkvæmd lokið árið 2019.	200		850		
Haldið verður áfram við frágang stétta og grassvæða á nýbyggingarsvæðunum á Völlum, Áslandi, Skipalóni og Selhrauni.	20		20	20	20
Unnið verður í gatnagerð í Skarðshlíð í tengslum við breytt skipulag.		Fjárm. með lóðasölu			
Í tengslum við nýtt skipulag á Dvergsreitum var farið í endurgerð á Lækjargötu og verður því verki lokið 2018. Endurnýjaðar verða lagnir, gatnayfirborð og gönguleiðir.	25				
Unnið verður að uppbyggingu vistvænna samgangna, svo sem gerð stíga við stofnbrautir í samvinnu við Vegagerðina, áframhaldandi vinnu við stíg með Kaldárselsveg ásamt fleiri stígum.	32,5		15	15	20
Lokið verður við frágang við tjörn milli Norðurbakka 1 og 3, kostnaður nálægt fimm milljónum króna. Þá verður unnið í frekari frágangi á Norðurbakkanum.	25		30	30	30
Farið verður í endurgerð á snjóbræðslukerfi í miðbænum, meðal annars í kringum Fjörð.	5		20	10	10
Endurnýjanir á eldri götum, svo sem Kinnum.			50	50	60

Þétting byggðar.					100
Hafin verður vinna við endurgerð gönguleiða við Hringbraut sem og á fleiri stöðum.	15		15	15	20
Hafinn verður undirbúningur við gerð hreystivallar.	3		10		
Haldið verður áfram með uppbyggingu reiðstíga í upplandinu.	7			5	5
Biðskýlum og ruslatunnum verður fjölgað í bænum.	13		3	3	10
Forgangsreinar, Borgarlínan	10		20	20	50
Unnið verður að gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir Hafnarfjörð, sem og að bættu umferðaröryggi í sveitarfélaginu. Jafnframt er komið að því að endurskoða gerð hávaðakorta og aðgerðaáætlunar.	22,5		20	25	30
Endurnýjuð verða tæki í Þjónustumiðstöðinni, en mörg þeirra eru komin vel til ára sinna.	20		30	30	30
Unnið verður að uppbyggingu ferðamannastaða, svo sem í Seltúni í Krýsuvík.	10		10	5	5
Verið er að klára Umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar og verður unnið að verkefnum tengdum henni. Einnig verður unnið að umhverfismálum, svo sem á Víðistaðatúni, Hellisgerði, Kaldárseli og Krýsuvík, merkingum gönguleiða, merkingum á áhugaverðum stöðum o.fl.	22		20	20	30
Malbikun upplandsvega.			15	15	15
Uppbygging á grenndarstöðvum og rafhleðslustöðvum.			5	3	3
Settur verður á laggirnar íbúapottur þar sem íbúar koma að vali verkefna.	10		15	15	15
Í desember 2017 mun ljúka gerð mislægra gatnamóta við Reykjanesbraut/Krýsuvíkurveg. Hafnarfjarðarkaupstaður hefur verið að þrýsta mjög á ríkið um að gera umferðabætur á Reykjanesbraut í Hafnarfirði. Þar er sérstaklega bent á slæmt ástand við Lækjargötu/Setberg og gatnamótin við Kaplakrika. Einnig hefur bærinn óskað eftir að tvöföldun brautarinnar í gegnum bæinn verði hraðað, en útboðsgögn vegna þess eru nánast tilbúin.					
Óskilgreint			15	30	80
Fasteignir	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Uppbygging íþróttamannvirkja, unnið verður samkvæmt forgangsróðun ÍBH og samþykkt bæjarstjórnar frá 10. maí síðastliðnum. Í fyrsta áfanga samkvæmt tillögu ÍBH verður bygging knatthúss hjá FH.	200		450	450	450
Lokið verður við nýtt kennslu- og æfingahús á Ásvöllum.	340				
Malbikun að Skotæfingasvæðinu	12				
Unnið verður í uppbyggingu á akstursíþróttasvæðinu.	5				
Flýtiframkvæmdarsamningur er í gangi við Keili vegna breytinga á völlum félagsins.	13,5		19	19	19
Haldið verður áfram með endurskoðun og lagfæringar á skólalóðum.	25		30	30	30

Hafin verður vinna við endurskoðun á sundlaugum og búnaði.	10		20	20	20
Hafinn verður undirbúningur að nýjum leikskóla í Suðurbæ, framkvæmt 2019 og lokið 2020.	5		300	250	
Nýr leikskóli				200	250
Starfsmannaaðstaða í Hvammi verður stækkuð árið 2018 og á öðrum leikskólum þar á eftir.	40		40	40	50
Unnið verður í undirbúningi að stækkun á húsi Umhverfis- og skipulagsþjónustu.	5		50	60	
Unnið verður að bættu aðgengi fyrir alla.	5		5	5	5
Hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar í sameiginlegu verkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í uppbyggingum á gasgerðarstöð hjá Sorpu bs	47		47		
Lagt er til fjármagn til endurnýjunar stofnbúnaðar í stofnanir bæjarins.	25		30	30	30
Haldið verður áfram með uppbyggingu hjúkrunarheimilis í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar.		971			
Haldið verður áfram með byggingu á nýjum leik-, tónlistar- og grunnskóla í Skarðshlíð. Fjárveiting vegna þessa kemur frá sölu lóða. Fyrsti áfangi grunnskólans verður tekinn í notkun haustið 2018.		1.800	1.450	720	
Óskilgreint			50	50	200
Veitur	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Endurgerð heimæða vatnsveitu	30		30	30	30
Vinna í dæluhúsum, stjórnkerfi o.fl.	20		36	10	10
Vatnsveita, aðveita úr Fagradal, undirbúningur			25	25	100
Endurgerð heimæða fráveitu	20		10	10	10
Vinna við fóðrun lagna í miðbænum og í Suðurbæ	10		10	10	10
Hafin verður vinna við nýtt stofnræsi fráveitu á Völlunum.	150		350		
Unnið að lausnum varðandi örplast	2				
Stofnræsi			50	100	150
Farið verður í lagfæringar á fráveitudælubrunnum.	5		10	5	5
Farið verður í lagfæringar á húsnæði fráveitu.	15		20	5	5
Húsnæðisskrifstofa	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúða er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda og þess vegna er gert ráð fyrir framlagi í fjárfestingum að fjárhæð kr. 500 milljónir til fjárfestingar í kerfinu. Áætlað er að taka lán á móti fjárfestingum árið 2018.		500	500	500	500
Hafnarsjóður	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Uppbygging á Suðurbæ	265		15	20	20
Skipulagsvinna	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Verkefni, sjá greinagerð undir 2.10 Skipulags- og byggingarmál	60		60	60	60
Samtals	1.749,5	3.271	4.770	2.960	2.487
Heildarfjárfestingar	5.020,5				

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir við Ásvallarbraut og Kaldárselsveg á árinu 2018 og lokið verði við framkvæmdina á árinu 2019. Samtals kostnaður 1.050 milljónir króna.

Hafin verður vinna við nýtt stofnræsi fráveitu á Völlum á árinu 2018 og verður framkvæmdum lokið á árinu 2019. Samtals verður kostnaður 500 milljónir króna.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að framkvæmdum við nýtt kennslu- og æfingahús á Ásvöllum ljúki á árinu 2018. Samkvæmt áætluninni verður 340 milljónum króna varið í verkefnið á árinu 2018. Árið 2017 er 200 milljónum króna varið í þetta verkefni, eða samtals 540 milljónum króna. Jafnframt er gert ráð fyrir að Hafnarfjarðarkaupstaður samþykki 100% eignarhlut í kennslu- og æfingarhúsinu. Vegna þess mun falla til aukinn kostnaður á árinu 2017.

Æfingahús Ásvöllum



Gert er ráð fyrir að varið verði í framkvæmdir vegna íþróttamannvirkja næstu ár um 450 milljónum króna á ári. Jafnframt er gert ráð fyrir að framkvæmdir verði hafnar á árinu 2017 við uppbyggingu íþróttamannvirkja samkvæmt tillögum Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem samþykktar voru á síðasta þingi þess og framkvædir haldið áfram á áætlunartímabilinu, 2019 til 2021 í samræmi við tillögu ÍBH, samanber eftirfarandi tafla frá ÍBH:

Tillaga að framkvæmdaröð verkefna frá ÍBH

1. Frá 2016-2021 endurbætur/breytingar á golfvelli Golfklúbbsins Keilis á Hvaleyri.
2. Frá 2016-2018 bygging íþróttasalar 2.259 m² hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum.
3. Frá 2017-2021 bygging nýs skotvallar og frágangur á svæði hjá Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar á Iðavöllum.
4. Frá 2017-2020 knatthús 8.600 m² hjá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar í Kaplakrika.
5. Frá 2018-2020 bygging nýrrar reiðhalla með félagsaðstöðu og annarri tilheyrandi aðstöðu 4.200 m² hjá Hestamannafélaginu Sörla að Sörlastöðum.
6. Frá 2018-2021 bygging knatthúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum.
7. Frá 2019-2021 önnur verkefni sem voru ekki tillögur á 49. þingi ÍBH.
8. Frá 2021 breytingar á golfskála hjá Golfklúbbsnum Keili á Hvaleyri.
9. Frá 2021 bygging danssalar 750 m² hjá Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar, staðsetning óákveðin.
10. Frá 2022-2024 bygging nýrrar áhorfendastúku við knattspyrnuvöll hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum.
11. Frá 2022-2023 bygging forsalar í íþróttamiðstöð 400m² hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum.
12. Frá 2022-2026 bygging badmintonhúss 10 vellir 20mx80m hjá Badmintonfélagi Hafnarfjarðar, staðsetning óákveðin.

Á árinu 2018 verður gert samkomulag við Knattspyrnufélagið Hauka um undirbúning og hönnun byggingar knatthúss að Ásvöllum. Einnig hefst á árinu viðræður við hestamannafélagið Sörla um þátttöku bæjarins í uppbyggingu á svæði félagsins.

Eftirfarandi tafla sýnir framlög Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna framkvæmda hjá íþróttafélögum á kjörtímabilinu 2014 til 2018 á meðalverðlagi fyrstu 10 mánaða ársins 2017:

Í þúsundum króna.	2014	2015	2016	2017	2018*	Samtals
Íþróttamiðstöðin Kaplakrika	247.946	77.590	58.541	137.000	200.000	721.077
Íþróttamiðstöðin Ásvöllum		109.931	6.022	258.000	340.000	713.954
Kvartmíluklúbburinn		15.499			5.000	20.499
Keilir			13.407	13.197	13.197	39.801
Sparkvellir			11.683			11.683
Skotíþróttasvæðið					12.000	12.000
Samtals	247.946	203.020	89.654	408.197	570.197	1.519.014

* Samkvæmt fjárhagsáætlun 2018

Fyrsti áfangi samkvæmt tillögu ÍBH er bygging knatthúss hjá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar. Ráðgert er að framkvæmdir hefjist á árinu 2017 og verður 70 milljónum króna varið í verkefnið á árinu 2017. Um er að ræða fjármagn sem ætlað var í endurnýjun gervigrasvallar hjá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, sem ekki verður endurgerður. Þá er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með framkvæmdir við knatthúsið á árinu 2018. Í framkvæmdina verði varið 200 milljónum króna á árinu 2018. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki á árinu 2019 og þá verði varið í verkefnið 450 milljónum króna. Samtals gerir áætlunin ráð fyrir að framkvæmdin kosti um 720 milljónir króna.

Bygging knatthúss hjá FH verður í 100% eign Hafnarfjarðarkaupstaðar og verður framkvæmdin boðin út. Verður það gert fyrir lok árs 2017.

Í fjárhagsáætlun vegna ársins 2018 er gert ráð fyrir lántöku að upphæð 400 milljónir króna vegna byggingar hjúkrunarheimilis. Fram til þessa hafa engin lán verið tekin vegna framkvæmdarinnar en gert hefur verið ráð fyrir að framkvæmdin verði fjármögnuð með lánum þar sem um framkvæmd er að ræða fyrir ríkissjóð. Síðan er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2019 vegna hjúkrunarheimilisins að upphæð 1.200 milljónir króna, eða samtals lántaka vegna hjúkrunarheimilis á árunum 2018 og 2019 að upphæð 1.600 milljónir króna.

Jafnframt er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2018 að upphæð 500 milljónir króna vegna kaupa á félagslegu húsnæði og 200 milljónir króna árið 2020 vegna kaupa á félagslegu húsnæði. Gert er ráð fyrir að verja 500 milljónum króna á ári árin 2018 til 2021 til að kaupa félagslegar íbúðir, eða samtals fyrir 2.000 milljónir króna. Þar af verði fjármagnað með lántöku samtals að upphæð 700 milljónir króna en að öðru leyti verði fjármögnunin með eigið fé sveitarfélagsins. Ekki er gert ráð fyrir frekari lántökum á tímabilinu 2018 til 2021.

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga á vegum sveitarfélagsins 2018:

